

EVROPSKAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM ÞRÓUN OG RITUN STUTTRA NÁMSÁRANGURSLÝSINGA Á MENNTUN OG HÆFI

EQF-Europass verkefnishópurinn

Birtist fyrst á ensku sem:

EQF-Europass Project Group. (2024). *European guidelines for the development and writing of short, learning-outcomes-based descriptions of qualifications*. Publications Office of the European Union. Cedefop working paper series, 21. <http://data.europa.eu/doi/10.2801/838553>

Með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa þessar viðmiðunarreglur verið þýddar og eru nú fáanlegar á öllum opinberum tungumálum ESB sem og á öðrum tungumálum. Þýðingarnar voru endurskoðaðar og þeim lokið með stuðningi sérfræðinga í hverju landi fyrir sig. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ein ábyrgð á því að þýðingarnar séu réttar. Enska útgáfan er talin tilvísunarskjal.

Vinsamlegast vísaðu í þessa útgáfu sem:

EQF-Europass verkefnishópurinn. (2024). *Evrópskar viðmiðunarreglur um þróun og ritun stuttra lýsinga á menntun og hæfi sem byggjast á námsárangri*. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins. Cedefop vinnublaðaröð, 21. <http://data.europa.eu/doi/10.2801/0485164>

Heilmikið af viðbótarupplýsingum um Evrópusambandið er að finna á netinu. Hægt að nálgast það efni í gegnum Europa miðlarann (<http://europa.eu>).

Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2024



© Cedefop, 2024.

Ef ekki er annað tekið fram, þá er endurnýting þessa skjals heimil með Creative Commons Attribution 4.0 International (CC BY 4.0) leyfi (<https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>). Þetta þýðir að endurnotkun er heimil að því tilskildu að viðeigandi tilvísun sé tilgreind og gerð grein fyrir hvers kyns breytingum.

PDF

ISSN 1831-2403

ISBN 978-92-896-3952-1

doi: 10.2801/0485164

TI-BA-24-003-IS-N

Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop) er tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir starfsmenntun, færni og menntun og hæfi. Við veitum upplýsingar, skýrum frá rannsóknum, greiningum og vitnisburði um starfsmenntun, færni og hæfi vegna stefnumótunar í aðildarríkjum ESB.

Evrópumiðstöðinni fyrir þróun starfsmenntunar var upphaflega komið á fót árið 1975 með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75. Sú ákvörðun var felld úr gildi árið 2019 með reglugerð (ESB) 2019/128 um að koma á fót Evrópumiðstöðinni fyrir þróun starfsmenntunar sem stofnun á vegum Sambandsins með endurnýjuðu umboði.

Evrópa 123, Þessaloníku (Pyleu), GRIKKLANDI
Póstfang: Cedefop service post, 57001 Themi, GRIKKLANDI
Sími +30 2310490111, Fax +30 2310490020
Tölvupóstfang: info@cedefop.europa.eu
www.cedefop.europa.eu

Jürgen Siebel, framkvæmdastjóri
Mario Patuzzi, stjórnarformaður

Viðurkenningar

Þessar viðmiðunarreglur eru afraksturinn af vinnu EQF-Europass verkefnishópsins um stuttar lýsingar á námsárangri í menntun og hæfi.

Evrópski viðmiðunarhópurinn um menntun og hæfi og ráðgjafarhópur evrópska starfsmenntavegabréfsins samþykktu að stofna verkefnahóp í júní 2021 til þess að þróa og samþykkja sameiginlegar leiðbeinandi meginreglur um uppbyggingu stuttra lýsinga á námsárangri til birtingar á menntun og hæfi í þeim gagnagrunnum og skráum sem tengjast Europass. Hópurinn starfaði frá því í desember 2021 fram í október 2023.

Þátttakendur í verkefnahópnum voru sérfræðingar frá 12 löndum og hagsmunasamtökum sem eru fulltrúar menntunar, þjálfunar og vinnumarkaðarins. Haft var samráð við ráðgjafahópinn um evrópskan ramma um menntun og hæfi auk ráðgjafahóps evrópska starfsmenntavegabréfsins um bráðabirgða- og lokadrög viðmiðunarreglnanna.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, stjórnarsvið atvinnu- og félagsmála og þátttöku, í samræmi við tilmælin 2017 um evrópska rammann um menntun og hæfi og ákvörðunina um evrópska starfsmenntavegabréfið 2018, sá um að samræma verkið. Cedefop, þar sem í fyrirsvari fyrir þróun starfsmenntunar voru þau Zelda Azzarà og Jens Bjornavold, veitti tækni- og hugtakalegan stuðning og samdi viðmiðunarreglur í náinni samvinnu við aðila verkefnahópsins, þar sem Starfsmenntunarstofnun Evrópu átti einnig sæti.

Við viljum sérstaklega þakka þeim meðlimum verkefnisins sem hafa veitt ómetanlegt framlag, haft samráð, kynnt leiðbeiningarnar með innlendum sérfræðingum og hagsmunaaðilum og hjálpað til við að betrumbæta skjalið.

Efnisyfirlit

VIÐURKENNINGAR	1
EFNISYFIRLIT	2
TÖFLUR, TÖLUSTAFIR OG HÓLF	4
INNGANGUR.....	5
Mikilvægi stuttra námsárangurslýsinga á menntun og hæfi	5
Þróun og markmið viðmiðunarreglnanna	6
Notendur og beiting viðmiðunarreglnanna	7
Gildissvið viðmiðunarreglnanna.....	7
Notkun stuttra lýsinga á námsárangri	8
Hvernig á að lesa leiðbeiningarnar	9
Viðbótarathugasemdir	9
STUTTAR LÝSINGAR BYGGÐAR Á NÁMSÁRANGRI: HELSTU BYGGINGAEININGAR	10
A — FORMLEGIR ÞÆTTIR.....	11
A1. Lengd	11
A2. Snið lýsingarinnar	11
B — EFNISÞÆTTIR.....	12
B1. Heildarmarkmið og stefnumið varðandi menntun og hæfi í frásagnarformi	12
Leiðbeinandi spurningar	13
Tilmæli	15
Önnur umhugsunaratriði og ábendingar	18
B2 — Námsárangurinn birtur með áhersluatriðum.....	19
Leiðbeinandi spurningar	21
Tilmæli	22
Önnur umhugsunaratriði og ábendingar	27
UPPHAFSSTAFAORÐ	29
VIÐAUKAR	30

I. viðauki.	Dæmi um lýsingar á niðurstöðum úr stuttum námsleiðum sem byggjast á menntun og hæfi.....	30
II. viðauki.	Áhrifssagnir	33
III. viðauki.	Kennimörk (lýsingarorð og atviksorð)	36
IV. viðauki.	Evrópskur rammi um menntun og hæfi: þrepa lýsingar ()	37
V. viðauki.	Aðrar heimildir og tenglar	40
ÚTDRÁTTUR		42

Töflur, tölustafir og hólf

Töflur

1. Uppbygging og snið stuttrar lýsingar (frásagnir og áhersluatriði) 11
2. Heildarmarkmið og stefnumið varðandi menntun og hæfi..... 12
- 3 Námsárangur kynntur með áhersluatriðum..... 19
- 4 Orðalag í setningum (áhersluatriði) sem tjá námsárangur 22

Skýringamyndir

1. Stuttar lýsingar byggðar á námsárangri: helstu byggingaeiningar.... 10

Hólf

1. Dæmi um frásagnir þar sem sett eru fram heildarmarkmið og stefnumörkun varðandi menntun og hæfi 12
2. Skilgreiningar á helstu hugtökum 20

Inngangur

Mikilvægi stuttra námsárangurslýsinga á menntun og hæfi

Hæfniviðmið eru yfirlýsingar um hvað einstaklingur ætti að vita, skilja og/eða geta leyst af hendi í lok námsferlisins. Þróun og notkun landsbundinna ramma um menntun og hæfi (NQF) sem byggist á námsárangri og tengist evrópska rammanum um menntun og hæfi (EQF) á vettvangi ESB, hefur aukið gagnsæi og samanburðarhæfi menntunar og hæfis vítt og breitt í Evrópu⁽¹⁾.

Enda þótt EQF- og NQF-þrepin séu einföld leið til að öðlast upphaflegan skilning á menntun og hæfi, þá er þróun gagnagrunna/skráninga um menntun og hæfi afar mikilvæg til að auka gagnsæið varðandi menntun og hæfi.

Notkun námsárangursaðferðarinnar hefur reynst gagnleg við að greina líkindin og mismuninn á menntun og hæfi og efla skilninginn á umfangi þeirra og stefnumörkun.⁽²⁾ Hins vegar sýna nýlegar rannsóknir og verkefni að lýsingar á námsárangri geta verið mismunandi, t.d. hvað varðar lengd, mótun, sundurgreinanleika, en slíkt er áskorun um að geta gert menntun og hæfi samanburðarhæf.⁽³⁾

Ítarlegar lýsingar á menntun og hæfi í hverju landi fyrir sig eru þróaðar í samræmi við landsbundna viðmiðun og forgangsörðun og geta því vísað til ýmis konar sértæks námsárangurs. Stuttar og hnitmiðaðar lýsingar, sem byggja á, en

(1) og hæfi: formleg niðurstaða úr mats- og staðfestingarferli sem fæst þegar lögbært yfirvald ákvarðar að einstaklingur hafi náð tilskyldum námsárangri til þess að uppfylla kröfur.

(2) Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2020). [Evrópskur rammi um menntun og hæfi.Grunnstarfsnám og -þjálfun:áhersla lögð á menntun og hæfi á 3. og 4. þrepi.](#) Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2020). [Innlendir rammar um menntun og hæfi í Evrópu 2019.Rammi um menntun og hæfi:gagnsæi og virðisauki fyrir endanlega notendur.](#)

Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022). [Samanburður á réttinum varðandi starfsmenntun og þjálfun:stefnt að því að koma sér upp aðferðafræði við greiningu og samanburð á námsárangri.](#)

(3) EQF þrepa og verkefnahópur um möguleikann á lárrétum samanburði á menntun og hæfi 2016 og 2018; EQF og Europass verkefnahópur um stuttar lýsingar á hæfniviðmiðum réttindanna 2023,

Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022). [Samanburður á réttinum varðandi starfsmenntun og þjálfun:stefnt að því að koma sér upp aðferðafræði við greiningu og samanburð á námsárangri.](#)

Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022). [Skilgreina, semja og beita námsárangri:evrópsk handbók. 2. útgáfa.](#)

koma ekki í stað fullra landsbundinna lýsinga, hafa marga kosti í för með sér þar sem þær geta veitt greiðan aðgang og inngangsleið fyrir einstaka nemendur eða vinnuveitendur sem eru að leita sér upplýsinga um tiltekna menntun og hæfi. Það er auðveldara að þýða þær og geta auk þess gefið skjóta yfirsýn á innihald og snið hæfisins.

Mikilvægt er að móta stuttar lýsingar samkvæmt sömu meginreglum til þess að auka gagnsæi og skilning og auðvelda samanburð, en lýsing getur einnig stutt við að nýta hina stafrænu þróun til að fá aðgang að, nota, tengja og bera saman upplýsingar um efni varðandi menntun og hæfi ().⁴

Bætt aðgengi, gagnsæi og samanburður menntunar og hæfis getur aukið hreyfanleika launafólks og námsmanna, stutt símenntun og starfsferilsstjórnun með því að brúa bilið á milli mismunandi menntunar, hæfis og reynslu.

Þróun og markmið viðmiðunarreglnanna

Þessar viðmiðunarreglur hafa verið þróaðar af hópi sérfræðinga () á vettvangi ESB sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samræmt með tæknilegum og hugmyndafræðilegum stuðningi Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun starfsmenntunar og í samráði við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila.⁵

Alls voru 33 mismunandi tegundir menntunar og hæfis (ágrip og fullar lýsingar) lagðar fram í tengslum við störf vinnuhópsins. Af þeim voru 22 réttindaveitingar rannsakaðar til þess að unnt væri að draga fram þær undirstöður sem unnt væri að byggja viðmiðunarreglurnar á. Drög að viðmiðunarreglunum voru kynnt á 60. EQF AG fundinum í nóvember 2022 (Athugasemd EQF AG 60-4) og þau síðan prufukeyrð. Þetta fólst í því að safna saman athugasemdum frá innlendum hagsmunaaðilum um texta viðmiðunarreglnanna, ásamt því að þróa stuttar lýsingar á menntun og hæfi, með því að nota viðmiðunarreglurnar í því augnamiði að bæta við þær fleiri dæmum seinna meir. Í lok ferlisins voru 20 lýsingar þróaðar

(4) Azzara Z., & Garmash A. (2022). [Allt frá slitróttum pappírskerfum upp í stafræn, samtengd hæfismatskerfi sem borgararnir hafa aðgang að](#). Í Cedefop, ETF, UNESCO og UNESCO Institute for Lifelong Learning. *Alþjóðleg skrá yfir svæðisbundna og innlenda ramma um menntun og hæfi 2022. 1. bindi: Þemakaflar*. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

(5) Evrópski viðmiðunarhópurinn um menntun og hæfi og ráðgjafarhópur evrópska starfsmenntavegabréfsins samþykktu að koma á fót verkefnahópi með umboði til þess að þróa viðmiðunarreglur um stuttar lýsingar á námsárangri til birtingar á Europass. Hópurinn samanstendur af sérfræðingum frá 12 löndum (Austurríki, Belgíu (NL), Kýpur, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Ítalíu, Hollandi, Noregi, Portúgal, Slóveníu, Evrópsku háskólasamtökunum, SME United, Business Europe og ETF. Fundarstjóri þessa hóps var formaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem var tækni- og hugmyndafræðilega studdur af Cedefop

og ritrýndar til þess að unnt væri að bera kennsl á þá þætti í viðmiðunarreglunum þar sem þörf væri á að auka skýrleika og greina þær lýsingar sem gætu gengt því hlutverki að vera fordæmi (þrjú dæmi voru að síðustu tekin með í viðmiðunarreglunum).

Markmiðið er að stuðla að myndun á sameiginlegum meginreglum, og þar með samræmdu skipulagi og nálgun, við að þróa stuttar og hnitmiðaðar lýsingar á viðmiðum varðandi menntun og hæfi, til birtingar í þeim gagnagrunnum eða skráningum sem tengjast [Europass](#).

Notendur og beiting viðmiðunarreglnanna

Stjórnendur, fræðslu- og þjálfunaraðilar, og aðrir aðilar sem bera ábyrgð á menntun og hæfi og/eða sérfræðingar sem bera ábyrgð á skilgreiningu og lýsingu á menntun og hæfi á öllum stigum og á öllum sviðum, hjá opinberum- og einkaaðilum, munu njóta góðs af þessum leiðbeiningum þegar þessar stuttu lýsingar munu liggja fyrir.

Þó að leiðbeiningarnar séu hannaðar fyrir stuttar námsárangurslýsingar á menntun og hæfi (NQF/EQF), þá er unnt að nota þær fyrir hvaða menntun, hæfi, vottorð og prófskírteini sem er, auk þess að lýsa hlutum eða einingum menntunar og hæfis. Þær má nota við lýsingar á menntun og hæfi, með eða án NQF/EQF-þrepa.

Gildissvið viðmiðunarreglnanna

Útfærslan á bæði skemmri og lengri lýsingum á menntun og hæfi, er á ábyrgð innlendra aðila.

Þessar viðmiðunarreglur styðja við þróun og ritun stuttra, tilbúinna og hnitmiðaðra lýsinga byggðra á námsárangri, sem fanga innihald, stefnu og flækjustig allra tegunda og stiga menntunar og hæfni. Ekki er fjallað um fullgerðar eða tæmandi lýsingar á menntun og hæfi (t.d. í formi hæfisstaðla eða landsbundinna námskráa) í þessum viðmiðunarreglum.

Fyrirliggjandi upplýsingalíkön ⁽⁶⁾ bjóða upp á upplýsingasvið (t.d. heiti menntunar og hæfis, veitingaraðila, skráningu) til þess að stuðla að bættri miðlun upplýsinga um menntun og hæfi í gagnagrunna eða skráningar um menntun og

⁽⁶⁾ „Upplýsingalíkön“ er hugtakið sem notað er í tengslum við evrópska námslíkanið. Það vísar til þeirra heimilda sem teknar voru til athugunar og talinn hentugur grundvöllur undir evrópska námslíkanið. Til dæmis felur þetta í sér skilgreiningar og staðla sem fengin voru úr þáverandi tilmælum EQF, Europass Recommendation, Diploma supplement eða Certificate supplement.

hæfi.⁽⁷⁾ Núverandi líkön veita þó aðeins almennar leiðbeiningar um hvernig eigi að leggja fram upplýsingar um námsárangur, á þann hátt sem stuðli að gagnsæi og samanburðarhæfi. Þessar viðmiðunarreglur byggja á og miða að því að samþætta slík líkön með því að þysja inn í sértæka upplýsingasvæðið „niðurstöður um nám“.

Notkun stuttra lýsinga á námsárangri

Á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi, t.d. með evrópska starfsmenntavegabréfinu og evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám, þá auðveldar þróun stuttra lýsinga gagnsæi og samanburðarhæfi menntunar og hæfis út frá mismunandi greinum atvinnulífsins og eftir löndum. Þær skapa einnig tækifæri til þess að bæta gæði og þá seilingarfjarlægð sem núverandi töl ná til þegar kemur að því að deila upplýsingum um menntun og hæfi.

Á landsvísu er hægt að nota stuttar lýsingar í upplýsinga- og samskiptaskyni, einkum til stuðnings rammanum um menntun og hæfi og eru einnig partur af gagnagrunnum og hæfisskrám.

Stuttar lýsingar á menntun og hæfi ættu að gera Bæði innlendum og alþjóðlegum notendum og hagsmunaaðilum (þ.m.t. námsmönnum, vinnuveitendum, ráðgjöfum, foreldrum, kennurum, fræðslu- og þjálfunaraðilum) kleift að átta sig fljótt á innihaldi, flækjustigi og markmiðum námsins. Þrátt fyrir að lýsingarnar ættu alla jafna að miðla samræmdum upplýsingum um hversu flókið nám er, þá er megináhersla þeirra ekki að leggja fram ítarlegan rökstuðning fyrir EQF/NQF-þepinu.

Notkun lýsingar á stuttum námsárangri getur verið háð landsbundnu samhengi og venjum, þ.m.t. tengslum þeirra við nákvæmari lýsingar á menntun og hæfi eða við námskrár og áætlanir. Sum lönd gera nú þegar greinarmun á fullum og ítarlegum lýsingum á námsárangri, sem notaðar eru í jöfnunar- eða viðurkenningarskyni og notkun styttri lýsinga til þess að draga saman kjarnabætti menntunar og hæfis.

⁽⁷⁾ Í IV. viðauka við EQF tilmælin um evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám eru tilgreindir skyldubundnir og valkvæðir gagnareitir fyrir stafræna birtingu upplýsinga um allar tegundir og þrep réttindaveitinga (t.d. heiti réttindanna, veitingaraðila, svið). Á grundvelli III. viðauka styður Gagnabankinn um réttindaveitingar (QDR) og Evrópska námslíkanið (ELM) við birtingu og miðlun upplýsinga um menntun og hæfi í Europass. Þrátt fyrir að áhersla sé lögð á mikilvægi upplýsinga um námsárangur, þá veita þessi fyrirliggjandi líkön aðeins almennar leiðbeiningar um það hvernig setja megi þetta fram á þann hátt að það efli gagnsæi og samanburðarhæfi. Þessar viðmiðunarreglur má því líta á sem svo að þær byggja á, en útvíkki einnig, fyrirliggjandi líkön til þess að miðla upplýsingum um réttindaveitingar.

Hvernig á að lesa leiðbeiningarnar

Leiðbeiningunum er skipt í tvo meginhluta, A og B.

Í A-hluta er fjallað um formlega þætti lýsingarinnar (lengd og snið). Í B-hluta er lögð áhersla á efnisþætti lýsingarinnar, leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga við þróun hennar og tillögur um orðalag setninganna.

Þegar stuttar lýsingar eru samdar er mikilvægt að nálgast helstu innihaldspættina í leiðbeiningunum (breidd/vídd, dýpt/flækjustig og samhengi) með sveigjanleika að leiðarljósi, en alls ekki á stirðan eða vélrænan hátt. Í vissum tilfellum er greinarmunurinn afstæð hugtök sem í rauninni skarast.

Sumar tillögurnar, sem mælt er með, kunna að virðast augljósar eða einfaldar fyrir sérfræðinga og fagmenn á sviði námsárangurs. Þar sem leiðbeiningarnar miða einnig að því að styðja þá sem ekki þekkja þetta svið, þá eru einnig ýmsar almennar ráðleggingar, auk tengla á viss viðbótarúrræði (sjá kafla Tilvísanir og tenglar).

Til að styðja við skilning lesandans, þá fela leiðbeiningarnar í sér útskýringar, skýringamyndir, leiðandi spurningar, leiðbeiningar, ráðleggingar og ýmsar aðrar ábendingar og vangaveltur. Til viðbótar við þrjú dæmi um stuttar lýsingar í I. viðauka, þá innihalda leiðbeiningarnar einnig sérstök dæmi sem tengjast ráðleggingum og ábendingum. Einnig er að finna lista yfir áhrifssagnir og kenningarmörk.

Dæmin í viðmiðunarreglunum eru ýmist fengin úr fyrirliggjandi stuttum lýsingum á menntun og hæfi eða hafa verið aðlöguð eða sköpuð frá grunni í skýrandi tilgangi.

Viðbótarathugasemdir

Við þróun þessara viðmiðunarreglna og dæma sem fylgja með þeim (I. viðauki), þá kom í ljós að það eitt, að búa til fullkomna stutta lýsingu, er afar krefjandi verkefni. Þetta síðasta er á ábyrgð innlendra aðila og mismunandi lönd geta haft mismunandi markmið sem þau kjósa að viðhalda eða þá þætti sem þau vilja leggja áherslu á. Líta ber á þróun þessara viðmiðunarreglna sem hluta af viðvarandi samstarfsátaki fjölda landa, sem miðar að því að þróa og beita sameiginlegum viðmiðunarreglum varðandi lýsingar á námsárangri, í þeim tilgangi að auka gagnsæi og samanburðarhæfi menntunar og hæfis. Með aukinni reynslu og samfelldu samstarfi á beitingu viðmiðunarreglna þvert á lönd og atvinnugreinar, þá geta leiðbeiningarnar þróast enn frekar og unnt er að bæta fleiri dæmum við.

Þegar stuttar lýsingar eru ritaðar um menntun og hæfi sem byggir á námi, þá er mælt með því að íhuga hvort ekki sé rétt að fá utanaðkomandi sérfræðinga til stofnunarinnar og/eða landsins til þess að afla álits á þeim..

Stuttar lýsingar byggðar á námsárangri: helstu byggingaeiningar

Hafa skal eftirfarandi meginreglur í huga við þróun og ritun stuttra lýsinga:


A. Formlegir þættir

- (a) A.1 Lengd lýsingarinnar (750 til 1500 rittákn án stafabils),
- (b) A.2 Snið lýsingarinnar (frásagnir og áhersluatriði).

B. Efnisþættir

- (a) B.1 Heildarmarkmið og stefnumörkun menntunar og hæfis (texti í frásagnarformi);
- (b) B.2 Helsti námsárangur (í formi áhersluatriða) til að fanga stefnu, innihald og flækjustig menntunar og hæfis með því að ná yfir eftirfarandi þætti:
 - (i) B.2.1 Áunnin breidd/umfang námsins,
 - (ii) B.2.2 Dýpt/flækjustig þess náms sem aflað var,
 - (iii) B.2.3 Upplýsingar um samhengi.

1. Mynd1 Stuttar lýsingar byggðar á námsárangri: helstu byggingaeiningar



Heimild: EQF og Europass verkefnahópurinn um stuttar lýsingar á námsárangri vegna menntunar og hæfis.

A — Formlegir þættir

A1. Lengd

Lýsingin ætti að vera á bilinu 750 til 1500 stafir (án stafabils).

Þessi leiðbeinandi lengd ætti að geta veitt nægilegt rými til þess að fanga eðli hæfisins og gerir lesendum þannig kleift að átta sig fljótt og vel á helstu eiginleikum sínum. Leiðbeinandi mörk voru sett til þess að tryggja að lýsingin geti talist bæði stutt og hnitmiðuð.

A2. Snið lýsingarinnar

Lýsið hæfinu með því að nota sambland af frásögn og áhersluatriðum.

Nota skal frásögnina til þess að setja fram heildarmarkmið og stefnumörkun menntunarinnar og hæfisins (B.1).

Notast ætti við kúlupunkta til þess að gera grein fyrir tilteknum námsárangri (B.2).

Tafla.1 Uppbygging og snið stuttrar lýsingar (frásagnir og áhersluatriði)

Lýsing á heildarmarkmiðum og stefnumiðum menntunar og hæfis.	Handhafi menntunar og hæfis.....
Áhersluatriði tjá námsárangur	Hann/hún er fær um að: 1) 2) 3) ...

Heimild: EQF og Europass verkefnahópurinn um stuttar lýsingar á námsárangri vegna menntunar og hæfis.

B — Efnisþættir

B1. Heildarmarkmið og stefnumið varðandi menntun og hæfi í frásagnarformi

Lýsingin ætti að byrja á gagnorðri kynningu í formi lýsingar þar sem heildarmarkmið og stefnumið menntunar og hæfis koma fram, þ.m.t. upplýsingar um samhengið.⁽⁸⁾

Þetta ætti að gera lesandanum kleift að átta sig á eðli menntunar og hæfis og skilja hlutverk þeirra og stöðu í tengslum við vinnumarkaðinn, mennta- og starfsmenntakerfin og/eða við samfélagið almennt.

Tafla.2 Heildarmarkmið og stefnumið varðandi menntun og hæfi

Lýsing á heildarmarkmiðum og stefnumiðum menntunar og hæfis.	Handhafi menntunar og hæfis.....
Áhersluatriði tjá námsárangur	Hann/hún er fær um að: 1) 2) 3) ...

Heimild: EQF og Europass verkefnahópurinn um stuttar lýsingar á námsárangri vegna menntunar og hæfis.

1. hólf.1 Dæmi um frásagnir þar sem sett eru fram heildarmarkmið og stefnumörkun varðandi menntun og hæfi

Dæmi A

Handhafi starfsréttindanna „Aðstoðarmaður á skrifstofu“ (EQF/NQF 4) hefur þekkingu og færni til að sinna skrifstofu-, stjórnunar- og skipulagsverkefnum í fyrirtækjum á öllum sviðum og annars konar stofnunum (t.d. opinberri stjórnsýslu, samtökum, félagasamtökum o.s.frv.) á grundvelli þriggja ára starfsþjálfunar viðkomandi í þjálfunarfyrirtækinu og starfsmenntaskólanum. Þeim getur verið falið, allt eftir því hvert eðli starfsins er, að vinna bakatil á skrifstofunni, í bókhaldinu,

⁽⁸⁾ Titill réttindaveitingarinnar mun oftast nær veita mikilvægar upplýsingar um uppruna og markmið réttindanna, einkum ef hann vísar til vel þekktrar menntunar og hæfis (upphaflegrar starfsmenntunar, stúdentsprófs eða meistaranáms við æðri menntastofnun) og/eða vísar til tiltekins verkefnis eða starfsgreinar. Þetta er þó ekki alltaf raunin og því er nákvæm lýsing á samhenginu nauðsynleg. Upplýsingar sem tengjast samhengi eru mikilvægar þegar lýst er bæði stefnu- og markmiðum réttindanna (B1) og við birtingu námsárangursins í formi kúlupunkta (B2).

starfsmannahaldinu, eða á stöðum eins og t.d. innkaupadeildinni, söluskrifstofunni eða vörugeymslunni.

Dæmi B

Handhafi starfsréttindanna „Starfsþjálfun byrjenda í tæknilegri meðhöndlun skólps á umhverfissvænan hátt“ (EQF/NQF 4) getur unnið við frárennsliskerfi, fráveitu úrhellisrigningavatns og meðhöndlun skólps og klóakskeðju. Hann/hún starfar hjá skólphreinsistöðvum sveitarfélaga og iðnaðarfyrirtækja og hjá fráveitufyrirtækjum. Hann/hún tryggir sjálfbæran og orkuvænan rekstur skólphreinsistöðva sveitarfélaganna og úrgangsvatnsstöðva iðnaðarins. Handhafi starfsréttindanna er hæfur til að stjórna litlum skólphreinsistöðvum.

Dæmi C

Handhafi starfsréttindanna „Þjónusta við viðskiptavinum í fegurðar- og hárumhirðugreininni“ (EQF/NQF 4) getur veitt viðskiptavinum á fegurðar- og hárumhirðustöðum þjónustu, selt vörur og þjónustu fyrirtækisins á grundvelli víðtækrar þekkingar sinnar á vörum og heilsu- og öryggisatriðum við meðferð þeirra. Hann/hún býr yfir almennri grunnfærni og getur valið sérhæfingu í hár- og snyrtimeðferð, húðumönnun, hárgreiðslu eða hárskurði.

Dæmi D

Handhafi starfsréttindanna „viðurkenndur bókhaldari“ (EQF/NQF 5) getur skráð og sannreynt fjárhagsgögn frá utanaðkomandi stofnunum. Hann/hún getur veitt viðskiptavinum ráðgjöf um hvernig á að fara að bókhaldslögum og reglum og veita viðskiptavininum tilheyrandi viðskiptaupplýsingar. Handhafi þessara starfsréttinda telst þá vera viðurkenndur sem sjálfstætt starfandi bókhaldari. Í Belgíu (Flæmingjalandi), getur aðeins viðurkenndur endurskoðandi lagt stund á þessa starfsgrein.

Dæmi E

Handhafi starfsréttindanna 'Aðstoðarmaður við skurðaðgerðir' (EQF/NQF 6) gegnir mikilvægu umönnunarhlutverki á meðan á ýmsum sérhæfðum og áhættusömum skurðaðgerðum stendur og þegar flókin tæknileg atriði fylgja ótt og títt hvert á eftir öðru. Hann/hún getur verið hluti af þverfaglegu teymi sem samanstendur af skurðlæknum, svæfingarlæknum og aðstoðarmönnum þeirra og aðstoðarfólki við skurðaðgerðir. Hann/hún getur aðstoðað vakthafandi sérfræðing í starfsemi sinni og samhæfir og stýrir umönnunarferlinu í kringum sjúklinginn á meðan á aðgerðinni stendur. Að auki getur hann/hún starfað við stoðþjónustu skurðeildarinnar, svo sem á miðlægri dauðhreinsunardeild, hjúkrunardeildum, geislafræðideild og á rannsóknarstofum. Unnt er að fá réttindin metin sem hluta af grunnþjálfun þar sem nemandinn starfar hjá viðurkenndri heilbrigðisstofnun á meðan á námskeiðinu stendur.

Heimild: EQF og Europass verkefnahópurinn um stuttar lýsingar á námsárangri vegna menntunar og hæfis.

Leiðbeinandi spurningar

Tilgangurinn með spurningunum hér á eftir er að auðvelda mönnum hugleiðingar um þá þætti sem unnt er að koma á framfæri við þróun frásagna sem lýsa

heildarmarkmiðum og stefnumiðum varðandi menntun og hæfi (B1). Tilgangurinn er alls ekki að svara öllum spurningum beint eða vélrænt.

- (a) Hvaða hæfni er hægt að nýta sér á vinnumarkaði, í menntun og þjálfun og/eða samfélaginu almennt? Hvernig getur handhafi starfsréttindanna nýtt sér þau?
- (i) Er sú menntun og hæfi undirbúningur fyrir viss verkefni, störf og/eða starfsgreinar?
 - (ii) Veitir menntunin og hæfið sérstök réttindi, t.d. með því að veita starfsleyfi til þess að stunda viss störf? Veitir hún aðgang að löggilttri starfsgrein? Veitir hæfið rétt til að hefja tiltekna viðskipta- eða frumkvöðlastarfsemi?
 - (iii) Ef menntun og hæfi tengist ekki beint tilteknum verkefnum, starfsgreinum, hver er þá annars tilgangurinn með réttindunum í tengslum við:
 - atvinnu,
 - grunnmenntun og þjálfun,
 - símenntun og þjálfun,
 - persónulegar framfarir,
 - (iv) Veita réttindin aðgang að tilteknu frekara námi? Skiptir máli að nefna hugsanlegar leiðir til framfara?
 - (v) Eru gerðar sérstakar kröfur til þess að fá aðgang að þess háttar menntun og hæfi, sem vert er að geta, til að skýra hlutverk þess og stöðu?
- (b) Hvaða grunnþekkingu, færni og/eða hæfni () býr handhafi þessara réttinda yfir?⁹

(⁹) Í umræðum um evrópskan ramma um menntun og hæfi, þá hefur hugtakið „hæfni“ vakið upp umræður vegna mismunandi túlkunar á því. Þó að samstaða hafi náðst tiltölulega fljótt við að afmarka „færni“ og „þekkingu“ á fyrstu stigum þróunar EQF evrópska viðmiðarammans, þá reyndist þrautinni þyngra að skilgreina þriðja sviðið. Þriðja sviðið í EQF var upphaflega nefnt „hæfni“, en það takmarkaði gildissvið þess við hugtakið „sjálfstæði og ábyrgð“. Endurskoðun EQF 2017 þrengdi því heiti fyrirsagnar þriðja sviðsins niður í „sjálfstjórn og ábyrgð“, en án verulegra breytinga á þrepalýsingunum. Greining á NQF þrepalýsingunum í tengslum við „þriðja EQF lénið“ (áður nefnt hæfni en nú ábyrgð og sjálfræði) sýnir að á meðan allir lýsingar á landsvísu sýna þætti sem eru í samræmi við sjálfstæði og ábyrgð samkvæmt tilmælum EQF, þá hafa sumir útvíkkað lýsingar sínar þannig að þær nái yfir enn breiðari svið á borð við „mikilvæga hugsun“, „sköpun“, „frumkvöðlastarfsemi“, „lært að læra“, „samvinnu“, o.s.frv. Enda þótt þessar viðmiðunarreglur vísi með skýrum hætti til EQF þrepalýsinganna sem lykilatriðis, og reynt sé að hafa þær eins samþættar innlendum starfsvenjum og unnt er, og útiloka ekki þætti sem teljast mikilvægir í hinum ýmsu löndum, þá er hugtakið „hæfni“ notað í viðmiðunarreglunum, en jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að takast á við hugtökin sjálfræði og ábyrgð þegar námsárangrinum er lýst. Frekari upplýsingar um EQF og NQF þrepalýsingarnar er að

- (c) Hvers er vænst af handhafa réttindanna, t.d. að því er varðar hæfni til að starfa sjálfstætt?
- (d) Hvers er vænst af handhafa réttindanna — t.d. að taka ábyrgð á verkferlum og stjórna öðrum?

Tilmæli

- (a) Haltu frásögninni stuttri og hnitmiðaðri með því að stefna að lengd sem er u.þ.b. 1/4 hluti af heildarlýsingunni.
- (b) Forðastu að nota eitt sérstakt kynform.
- (c) Notaðu orðasambandið „Handhafi réttindanna...“, „Réttindahafinn“ eða það starfsheiti sem viðkomandi öðlaðist vegna menntunar sinnar og hæfis og, ef nauðsyn krefur, notaðu þá hann/hún.
- (d) Nefnið EQF/NQF-þrepíð (þegar við á), innan sviga.
Dæmi: „Handhafi starfsréttindanna „Aðstoðarmaður á skrifstofu“ (EQF/NQF 4) getur...“.
- (e) Gakktu úr skugga um að frásögnin geri nákvæma grein fyrir námsárangrinum sem settur er fram í áhersluatriðunum og tryggji þar með að samræmi ríki á milli frásagnar og áhersluatriða:
Forðastu: misræmi á milli frásagnarinnar og áhersluatriðanna. Til dæmis leggur frásögnin ríka megináherslu á mikið sjálfstæði, en listinn yfir námsárangur vísar hins vegar eingöngu til samstarfs við aðra.
- (f) Með hliðsjón af stefnu menntunarinnar og hæfisins, þá er þar að finna upplýsingar um stöðu hæfisins og hlutverk þess í tengslum við vinnumarkaðinn, mennta- og starfspjálfunarkerfið og/eða samfélagið almennt:
Dæmi um samhengisupplýsingar sem koma fram í frásögninni til þess að sýna fram á hlutverk menntunarinnar og hæfisins á vinnumarkaði:
 - (i) „Handhafar réttindanna „Stjórn fyrirtækja“ (EQF/NQF 5) eru færir um að starfa í útibúum fyrirtækja og stjórnsýslu og hæfir til þess að gerast sjálfstæðir frumkvöðlar“.
 - (ii) „Handhafi réttindanna „Rekstraraðili kynningar- og móttökupjónustu“ (EQF/NQF 3) getur starfað í gistiaðstöðu, á ferðaskrifstofum og aðstoðað við ferðapjónustu“.
 - (iii) „Handhafi réttindanna „Trésmíðar“ (EQF/NQF 4) getur reist, sett upp, viðhaldið og endurnýjað trésmíðahlutann í hinum ýmsu gerðum bygginga. Hann getur skipulagt og séð um bæði handvirka sem vélræna trésmíðavinnu, jafnt innanhúss sem utan, á veggjum, lofti, þökum og gólfi“.

finna á: Evrópumíðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2018). Greining og yfirlit á NQF þrepalýsingum í hinum ýmsu Evrópulöndum. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

- (iv) „Handhafi þessarar réttinda hefur fengið leyfi til þess að vinna sem sjálfstætt starfandi bókhaldari“.
- (v) Réttindin eru forsenda þess að geta starfað faglega sem klínískur sálfræðingur í landinu“.
- (vi) „Menntunin felur í sér möguleikann á því að öðlast réttindi frá menntastofnun og/eða faglega starfshæfni í því skyni að hefja (aftur) störf eða frama á vinnumarkaðnum.“

Dæmi um samhengisupplýsingar sem koma fram í frásögninni til þess að sýna fram á stöðu menntunar og hæfis í tengslum við mennta- og starfspjálfunarkerfi eða samfélagið almennt:

- (i) „Réttindaveitingin skapar traustan grundvöll í líftæknirannsóknum og handhafinn getur því stundað frekari rannsóknir á sérhæfðum sviðum á borð við erfðaverkfræði og lyfjarannsóknir“.
- (ii) „Þau réttindi eru ætluð þeim sem hyggja á flóknara og sérhæfðara nám á sviði raflagna eða dreifikerfi raforku“.
- (iii) „Um er að ræða byrjendanám í starfspjálfunarskóla. Valkvætt er mögulegt að hljóta inngöngu í æðri menntastofnanir“.
- (iv) „Réttindin gera kleift að leggja stund á háskólanám“.
- (v) Réttindin, með sína almennu þekkingu og hæfni til starfa, gera mönnum kleift að taka að sér ýmis verkefni af viðskiptalegum toga. Það býður upp á tækifæri til persónulegrar þróunar, og opnar dyrnar að símenntun og þjálfun á sérhæfðum sviðum fyrirtækjastjórnunar eða frumkvöðlastarfsemi“.
- (vi) „Réttindin, sem einskonar „skemmri skírn“, gerir einstaklingum, með þekkingu og færni, hæfa til þess að veita tafarlausa aðstoð í læknisfræðilegum neyðartilvikum, og stuðla þannig að eigin öryggi og þeirra sem þeir umgangast í samfélaginu“.

Athugið að í einni og sömu lýsingunni er hægt að leggja áherslu á stöðu menntunar og hæfis fyrir einn jafnt sem alla þætti (vinnumarkaðinn, mennta- og starfspjálfunarkerfið, samfélagið almennt o.s.frv.).

- (g) Veljið og takið saman í hnotskurn þá grunnþekkingu, færni og hæfni sem aflað hefur verið með réttindunum. Það getur verið gagnlegt að íhuga hvort meiri

áhersla er lögð á fræði- eða staðreyndalega þekkingu heldur en hagnýta, greiningar- eða þverfaglega færni:⁽¹⁰⁾

- (i) forðastu að nota almennar yfirlýsingar: „Hann/hún hefur helstu faglegu færni og hæfni á valdi sínu, auk góðrar almennrar þekkingar á sínu sviði“,
- (ii) forðastu að nota almenn lýsingarorð: „Hann/hún veitir viðskiptavinunum góða þjónustu“. Sjá III. viðauka,
- (iii) dæmi um setningar í inngangsmálgreininni sem geta sýnt fram á öflun sértækrar og tæknilegrar færni fyrir tiltekinn geira eða starfsgrein, auk almennrar færni og þekkingar sem á við um ýmsar greinar vinnumarkaðarins og samfélagsins almennt eða til þess að undirbúa sig fyrir frekara nám:
 - Handhafi réttindanna getur stillt upp verkefnum, viðgerðum og ákvarðað umboðslaun tryggilega í fasteignaviðskiptum og iðnaði. Hann/hún sér til þess að lokaniðurstaðan sé örugg og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til verksins.“
 - „Hann/hún býr yfir víðtækri almennri grunnþekkingu, þ.m.t. talnafræði og læsi, og er búinn þeirri borgaralegu hæfni sem með þarf til að taka virkan þátt í samfélaginu“,
 - Handhafi réttindanna getur tryggt snurðulausan rekstur upplýsingatæknikerfa. Hann/hún getur þróað, aðlagð og/eða annast viðhald þeirra og séð um notendur“.
 - „Hann/hún getur reist, sett upp, endurbyggt, annast viðhald og endurnýjað trésmíðina í ýmsum tegundum bygginga“.
 - „Handhafi réttindanna getur framkvæmt ítarlega greiningu á fyrirliggjandi rannsóknnum og mótað frekari rannsóknir á þeim þáttum sem hafa líffræðilegan fjölbreytileika að markmiði sínu“,
- (h) Tilgreina þarf hvert sé heildarstig sjálfstæðis og ábyrgðar. Þessu er einnig hægt ná fram með því að nota kennimörk (lýsingar- og atviksorð) og/eða velja sagnorð sín og andlag þeirra gaumgæfilega. Dæmi:
 - (i) „Handhafi réttindanna „Kynningar- og þjónustuaðili í gestamóttöku“ (EQF/NQF 3) getur starfað í gístiaðstöðu, á ferðaskrifstofum og aðstoðað við ferðaþjónustu. Hann/hún starfar á stjórnunarstigi, með

⁽¹⁰⁾ Hugmyndir um þekkingu og færni geta verið útfærðar á mismunandi hátt milli landa. Meginþættir EQF þrepalýsinganna á vettvangi ESB eru 1) þekking sem lýst er sem staðreyndum og/eða fræðilegum, 2) færni sem lýst er sem vitsmunalegri og hagnýtri og 3) sjálfstæði og ábyrgð. Áður en endurskoðun þriðja þáttarins fór fram, þá var hann nefndur „hæfni“, og því var honum lýst með tilliti til sjálfstæðis og ábyrgðar. Með endurskoðun á tilmælum evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám var fyrirsögn þriðja námssviðsins breytt úr hæfni í sjálfstæði og ábyrgð. Heimild: 2017 EQF tilmæli.

- takmarkaða heimild til sjálfstæðra ákvarðana, ber ábyrgð á þjónustunni í gestamóttökunni og ber að fylgja tilskilinni málsmeðferð við sérhverjar aðgerðir sínar“.
- (ii) „Handhafi réttindanna getur, í tengslum við mannvirkjagerð með takmarkað flækjustig, samræmt, stýrt og aðlagð starfsemi verkstjórans á byggingarstaðnum“.
 - (iii) „Handhafi réttindanna telst hæfur til þess að stýra smáum skólphreinsistöðvum“.
 - (iv) Gert er ráð fyrir að hann/hún starfi í þverfaglegum teymum og taki almennt ábyrgð á ferlum í fyrirsjáanlegu og stöðugu samhengi, en þó með fyrirvara um þær breytingar sem kunna að krefjast aðlögunarhæfni“.
- (i) Mundu að lesandi lýsingarinnar er ekki endilega kunnugur samhengi málsins innanlands. Gefðu gaum að notkun innlendra íðorða sem skiljast kannski ekki almennt og bæta þá við skýringu:
- (i) forðastu: „Nemum er heimilt, eftir að hafa lokið starfsnámi til stúdentsprófs, að leggja stund á nám til stúdentsprófs/starfsnám og eftir að hafa staðist eitt af almennum lokaprófum til stúdentsprófs, að innrita sig í bæði framhalds- og æðra sérgreinanám“.
 - (ii) orðuðu það frekar svona: „Menntunin veitir aðgang að æðra starfsnámi og faglegu námi og þeim almennum stúdentsprófum sem krafist er til þess að innrita sig í námsbrautir háskólanna“,
 - (iii) forðastu: „Skipulag starfsmenntunar og hæfis í rafmagnsverkfræði- og sjálfvirknitækni hefur verið skipulagt þannig að fræðsla rafvirkjanna nægi til þeirra rafmagnsréttinda 2, sem um getur í löggjöf um rafmagnsöryggi, og að fræðsla þeirra sem setja saman sjálfvirka þjarka fullnægi rafmagnsréttindum 3. orðuðu það frekar svona: upplýstu að réttindin veiti aðgang að næsta námsstigi (rafræn réttindi 2 og 3) og/eða leggðu svo áherslu á að reglum um starfsréttindi rafvirkja sé fullnægt.“

Önnur umhugsunaratriði og ábendingar

- (a) Ef það stuðlar að betri skilningi á markmiðum og stefnumiðum réttindanna, veittu þá upplýsingar um aðgangsskilyrði og viðbótarkröfur, heimildir (t.d. aðgangur að skipulagðri menntun og hæfi) og/eða hvernig hægt er að verða sér úti um þau réttindi. Dæmi:
- (i) Handhafi réttindanna „Raftæknamaður“ (EQF/NQF 4) getur komið fyrir og lagt raflögn, tengt og virkjað hana í íbúðarhúsnæði [...].

- Viðbótarvottorð eru nauðsynleg eða æskilegt skilyrði til þess að inna af hendi tiltekin verkefni og/eða innan ramma tiltekins samhengis.“
- (ii) „Unnt er að fá réttindin metin sem hluta af grunnþjálfun þar sem nemandinn starfaði hjá viðurkenndri heilbrigðisstofnun á meðan á námskeiðinu stóð“.
 - (iii) „Unnt er að afla sér réttindanna á grundvelli tvískiptrar þriggja ára þjálfunar hjá þjálfunarfyrirtækinu og starfsmenntaskólanum“.
- (b) Ef við á og skiptir máli, þá þarf að útskýra hvort handhafinn kunni að hafa stundað sérnám vegna fyrirliggjandi sérhæfingar eða hvort um var að ræða valkvæðar einingar/brautir. Dæmi:
- (i) Handhafi réttindanna getur haft sérhæfðari færni í hár og snyrtmeðferð, umhirðu húðar, hárgreiðslu og klippingar á valdi sínu, allt eftir því hvaða hæfnissvið viðkomandi valdi sér. Unnt er að víkka út hæfni sína með valkvæðum einingum á öllum sviðum“.

B2 — Námsárangurinn birtur með áhersluatriðum

Í kjölfar inngangsyfirlýsingarinnar um heildarmarkmið og stefnu réttindaveitingarinnar, þá ætti lýsingin að halda áfram með kúlupunktalista yfir helsta námsárangur.

Tafla.3 Námsárangur kynntur með áhersluatriðum

Lýsing á heildarmarkmiðum og stefnumiðum menntunar og hæfis	Handhafi menntunar og hæfis.....
Áhersluatriði tjá námsárangur	Hann/hún er fær um að: 1) 2) 3) ...

Heimild: EQF og Europass verkefnahópur um stuttar lýsingar á hæfniviðmiðum réttindanna

Helstu hæfniviðmiðin, sem talin eru upp með áhersluatriðum, ættu að fjalla um og koma fram þremur lykilatriðum á framfæri.

B.2.1. Breidd og umfang þess náms sem aflað var.

B.2.2. Dýpt/flækjustig þess náms sem aflað var.

B.2.3. Samhengi.

Fjallað er sérstaklega um breidd/vídd, dýpt/flækjustig og samhengið í leiðbeiningunum til þess að leggja áherslu á mikilvægi þeirra, en þó skal ekki taka þau atriði fyrir sérstaklega eða ræða þau af þröngsýni þegar stuttar lýsingar eru

dregnar fram. Þetta getur allt saman skarast og í lýsingunum ættu þessi atriði að bæta hvert annað upp og styðja við hvert annað.

Auk þess að gera grein fyrir þeim efnisþáttum, sem fjallað er um í kúlupunktunum, þá gefa leiðbeiningarnar einnig til kynna samverkandi þætti orðalagsins, þegar námsárangrinum er lýst með áhersluatriðum (sjá 3. töflu).

1. hólf.2 Skilgreiningar á helstu hugtökum

Breidd/umfang náms felur í sér að skýra umfang þess náms sem hlaust með réttindunum og afmarka þar með og benda á takmörk þess námsárangurs sem náðst hefur. Þetta felur í sér að miðla upplýsingum um þær tegundir þekkingar sem aflað hefur verið og lýsa þeirri færni og hæfni sem handhafi réttindanna hefur náð tökum á. Náms sviðin (einnig kölluð lárétta rammavíddin um starfsréttindin), sem lýst er í EQF/NQF þrepalýsingunum, eru upphafspunkturinn sem endurspeglar breidd námsins.⁽¹¹⁾ Sjá einnig IV. viðauka.

Dæmi: Handhafi réttindanna getur borið saman og metið framtaksverkefni menntastefnu hinna ýmsu ESB landa til þess að geta greint frá upplýstri ákvörðun sinni tekinni út frá staðreyndum.

Dæmi: Handhafi réttindanna getur kosið að beita frumlegustu viðgerðatækninni til þess að varðveita og vernda söguleg mannvirki.

Dæmi: Handhafi réttindanna getur byggt og gert við timburhús, hvort heldur sem um er að ræða ýmis konar íbúðarhús eða iðnaðarbyggingar.

Athugasemd: með því að velja sagnorðin vandlega ('bera saman og meta', 'velja og beita', 'stilla upp og gera við'); viðfangsefnið ('menntastefnu framtak í löndum ESB', 'frumleg viðgerðatækni', 'timburhús') og með því að bæta við upplýsingum um samhengið ('upplýsta ákvarðanatöku byggða á staðreyndum', 'að varðveita og vernda söguleg mannvirki', 'fyrir mismunandi íbúðar- og iðnaðarhúsnæði'); hvaða grunnþekkingu, færni og/eða hæfni handhafi þessarar menntunar og hæfis hefur aflað sér, –breidd/svið námsins– getur komið fram (þekking á framtaksverkefnum um stefnu í menntamálum, aðferðir til að gera samanburð þvert á þjóðlönd og mat á stefnu eða viðgerðum á sögulegum mannvirkjum, hagnýt færni í tengslum við uppsetningu og viðgerðir o.s.frv.).

Dýpt/flækjustig námsins snýst um að skýra flækjustig og fágun þess náms sem aflað var. Innan sama námssviðs (t.d. fræðilegrar þekkingar eða verklegrar færni) er unnt að verða sér úti um mismunandi stig sérþekkingar og hæfni. Þrepalýsingarnar á

⁽¹¹⁾ Í evrópska rammanum um menntun og hæfi eru þrjú námssvið 1) Þekking: sem lýst er sem staðreyndum og/eða fræðilegum 2) Færni: lýst sem vitsmunalegri (sem felur í sér notkun á rökfastri, innsæislegri og skapandi hugsun) og hagnýtri (sem felur í sér handlagi og notkun aðferða, efnis, verkfæra og tækja) 3) sjálfstætt og með ábyrgð: lýst sem getu nemandans til að beita þekkingu og færni á sjálfstæðan hátt og með ábyrgð. Þetta er einnig nefnt hin lóðrétta vídd EQF-rammans.

hverju EQF/NQF-stigi fyrir sig (einnig kallað lóðrétt vídd rammans um menntun og hæfi) eru upphafspunkturinn til þess að skilgreina dýpt og flækjustig námsins.⁽¹²⁾

Dæmi: handhafi réttindanna getur sjálfur valið að beita þeim rannsóknartækjum sem hann telur best henta til söfnunar á reynslugögnum á sviði sjávarlíffræði.

Dæmi: handhafi réttindanna getur undir eftirliti safnað saman þeim reynslugögnum sem stuðlað geta að áframhaldandi rannsóknum á sviði sjávarlíffræði.

Athugasemd: með því að velja vandlega sagnorðin ('velja og beita', 'safna'), viðfangsefnið ('rannsóknartæki', 'sýnagögn') og notað kennimörkin 'sjálfvirk' og með því að bæta við upplýsingum um samhengið ('til að afla sönnunargagna' eða 'stuðningsrannsóknir á sviði sjávarlíffræði'), þá getur það leitt í ljós flækjustig þess náms sem aflað var.

Gera grein fyrir samhenginu: þegar verið er að semja setningar um sérstakan námsárangur (í formi kúlupunkta), þá eru upplýsingar um samhengið ætlaðar til þess að afmarka enn frekar þann námsárangur sem aflað var. Til viðbótar við þau sagnorð og viðfangsefni sem mynda grunnsetninguna, þá eru það viðbótarupplýsingar um samhengið sem veita nánari upplýsingar, t.d. um aðstæður, aðferðir og skilyrði: sagnirnar eða viðfangsefnið nægja ekki ein sér til þess að fanga breidd og dýpt námsárangursins.

Til að styðja þetta ferli enn frekar, þá er í þessum viðmiðunarreglum einnig kveðið á um skipan þeirra setninga sem gera grein fyrir námsárangrinum (sjá 3. töflu).

Jafnframt geta upplýsingar um samhengið stuðlað að því að skýra hlutverk og stöðu réttindanna í tengslum við vinnumarkaðinn, menntun, starfsþjálfun og samfélagið almennt. Þessi síðasti þáttur ætti nú þegar að koma fram í frásögninni þar sem fram koma heildarmarkmiðin og stefnumörkunin með réttindunum (B1).

Fyrri dæmi í þessum lýsandi reit, lið B1 og í afganginum af þessum kafla, koma fyrir dæmi um það hvernig takast skuli á við samhengið í þeim setningum um námsárangur, sem settar eru fram sem kúlupunktar.

Leiðbeinandi spurningar

Tilgangurinn með spurningunum hér að neðan er að auðvelda ígrundun á þeim þáttum sem unnt er að draga fram í dagsljósið við skipan kúlupunktanna sem tjá námsárangurinn (B.2). Tilgangurinn er alls ekki að svara öllum spurningum beint eða vélrænt.

- (a) Hversu miklu má búast við að handhafi réttindanna viti og á hvaða stigi hæfni viðkomandi standi?
 - (i) Almenn undirstöðuþekking?
 - (ii) Tæknileg og sérhæfð þekking?
- (b) Við hverju má búast að handhafi réttindanna geti gert og á hvaða stigi stendur hæfni hans?

⁽¹²⁾ Evrópski ramminn um menntun og hæfi inniheldur 8. þrep sem lýst er með tilliti til námsárangurs. Stigagjöfin eykst í samræmi við hæfnistig þar sem 1. þrep er hið lægsta og 8. þrep hæsta færnistigið. Þetta er einnig nefnt hin lóðréttu vídd EQF-rammans.

- (i) Hagnýt færni?
- (ii) Greiningarfærni?
- (iii) Grunn- eða lengra komin?
- (c) Hvers má vænta af handhafa réttindanna með tilliti til víðtækrar en þó viðeigandi, þverlægrar færni og hæfni?
 - (i) Færni og hæfni í sjálfsstjórnun (t.d. tímastjórnun, lært að læra)?
 - (ii) Samskiptafærni og hæfni (munnleg og skrifleg framsetning o.s.frv.)?
 - (iii) Félagsleg færni og hæfni (teymisvinna, stjórnun annarra o.s.frv.)?
 - (iv) Hugsanlegar aðrar tegundir færni og hæfni sem hafa beina þýðingu fyrir réttindin og notkunarsvið þeirra?
- (d) Hvers er vænst af handhafa réttindanna, t.d. að því er varðar hæfni til að vinna sjálfstætt og taka ábyrgð?

Tilmæli

- (a) Leggja áherslu á og forgangsraða nauðsynlegum námsárangri sem fangar heildarstefnu, innihald og flækjustig réttindanna.
- (b) Handhafi réttindanna skal ávallt vera miðpunkturinn.
- (c) Nákvæmt val á áhrifssögnum og -hlutum sem og upplýsingar um samhengi (B.2.3) eru mikilvægir þættir til að fjalla um breidd (B.2.1) og dýpt (B.2.2).
- (d) Uppbygging setningarinnar að því er varðar skipulag efnisins getur einnig aukið skilning og mælt er með því að nota eftirfarandi uppbyggingu: efni — áhrifssögn — viðfangsefni — samhengi.⁽¹³⁾

1. Tafla.4 Orðalag í setningum (áhersluatriði) sem tjá námsárangur

Viðfangsefni	Áhrifssögn	Markmið sagnorðsins	Samhengi
Bæta má við lýsingarorðum og atviksorðum þegar það er talið skipta máli, en þó ber að nota þau með varúð			
Handhafi réttindanna...	getur framvísað	niðurstöðum áhættugreiningarinnar skriflega	leyft öðrum að fylgjast með ferlinu og endurtaka niðurstöðurnar.
Hann/hún...	getur greint á milli	umhverfisáhrifa	þess kæligass sem notað er í kælikerfum.
Handhafi réttindanna...	getur samræmt	verkefni starfsmanna	á byggingarsvæðum með takmarkað flækjustig.

⁽¹³⁾ Þrátt fyrir að flokkurinn „samhengi“ í 4. töflu sé ekki „málfræðilegur flokkur“ (á borð við sagnir eða nafnorð), þá er fjallað um leiðbeiningarnar, ásamt handbók Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun starfsmenntunar um námsárangur, með því að taka tillit til samhengis sem hluta af málskipan setningarinnar sem leið til að tryggja upplýsingar um þennan þátt.

Hann/hún...	getur útbúið	þróaðar fjárhagsáætlanir	með því að nota viðskiptaáætlanatöl og til að styðja fjárhags- og viðskiptalega áætlanagerð.
-------------	--------------	--------------------------	--

Heimild: EQF og Europass-verkefnishópur um stuttar lýsingar á hæfniviðmiðum menntunar og hæfis og aðlögunar frá Evrópumíðstöðinni fyrir þróun starfsmenntunar (2022). Skilgreina, semja og beita námsárangri: evrópsk handbók — önnur útgáfa. Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

- (e) Velja skal sagnorð og viðfangsefni hverrar setningar fyrir sig og tryggja að þau geti stutt við skilning á dýpt og breidd (B.2.1), sem og dýpt/flækjustigi (B.2.2) bæði náms og samhengis (B.2.3). Sjá II. viðauka.

Dæmi um sagnorð sem gefa vísbendingar á breidd/vídd (B.2.1) námsins:

- (i) sögnin „að stilla upp“ getur falið í sér hagnýta færni, en sögnin „stunda rannsóknir“ getur aftur á móti gefið til kynna greiningarfærni,
- (ii) athugið að hagnýtingar- eða greiningarfærni getur verið á sama flækjustigi, og í þessu tilfelli er merking sagnanna notuð til að gefa vísbendingar um breidd/umfang námsins. Sagnirnar tvær gætu einnig verið hluti af sömu réttindum.

Dæmi um mismunandi viðfangsefni sem gefa vísbendingar um þá breidd/vídd (B.2.1) sem aflað var með náminu:

- (i) „Hann/hún getur borið saman stefnumótandi framtaksverkefni...“er frábrugðið „Hann/hún getur borið saman tekjuliði fjárlaga...“eða „Hann/hún getur borið saman byggingartækni.“
- (ii) athugið að þessi námsárangur getur einkennst af sama flækjustigi.

Dæmi um sagnir sem gefa vísbendingar um dýpt/flækjustig (B.2.2) námsins:

- (i) sagnorð eins og „meta og bæta“, „stýra“, „greina og hámarka“ geta bent til hærra flækjustigs í samanburði við sagnir á borð við „aðstoða“, „endurtaka“ „framkvæma“, „sannreyna“.

Dæmi um mismunandi viðfangsefni með sömu sagnir, sem hafa áhrif á skilning á dýpt/flækjustig (B.2.2) áunnins náms, sem sýnir mikilvægi þess að velja andlag setningarinnar og námsins gaumgæfilega.

- (i) „Hann/hún getur greint svörun viðskiptavina sem safnað er með skipulögðum og fyrirfram skilgreindum könnunum á netinu“, er frábrugðið „hann/hún getur greint kirnaraðir, svo unnt sé að klæðskerasníða læknismeðferðir“. „Hann/hún getur samið einfaldar samantektir“ er frábrugðið „hann/hún getur samið ítarlega rannsóknartillögu“.

Dæmi um nokkrar sagnir sem gefa vísbendingar um samhengið (B.2.3) varðandi námsumsókn og/eða hvað handhafar geta gert við þá réttindaveitingu sem þeir hlutu:

- (i) notkun sagnorða á borð við „setja saman“, „smíða“, „reisa“ getur bent til þess að réttindaveitingin búi fólk einkum undir störf sem krefjast hagnýtrar færni,
- (ii) notkun sagnorða á borð við „greina“, „lýsa“, „gera uppkast“ getur gefið til kynna að með réttindaveitingunni sé aðallega (eða einnig) verið að búa fólk undir störf sem krefjast greiningarfærni eða að þörf sé á frekara námi.

Dæmi um viðfangsefni sem gefa vísbendingar um að samhengi sé á milli námsumsóknarinnar og hvað handhafi geti gert við réttindaveitinguna:

- (i) handhafi getur „krufið lagaleg mál til mergjar....“getur bent til mikilvægis námsárangursins fyrir lagaumhverfið,
 - (ii) handhafi getur „gert tilraunir á rannsóknarstofu....“ getur bent til þess að mikilvægis námsárangursins liggi í umhverfi rannsóknarstofa.
- (f) Fella inn upplýsingar um samhengið (t.d. um aðstæður, kringumstæður, aðferðir, markmið) til að auka skilning á umfangi/breidd (B.2.1) og dýpt/flækjustig (B.2.2) námsins og hvar sé hægt að beita námsárangrinum sem aflað var. Dæmi:
- (i) „Hann/hún getur greint dómsmál til þess að meta réttaráhrifin og veita viðskiptavinum upplýstar ráðleggingar“,
 - (ii) „Hann/hún getur greint dómsmál, athugað lagalegar kenningar og lagt sitt af mörkum við útgáfu fræðigreina“,
 - (iii) „Hann/hún getur framkvæmt tilraunir á rannsóknarstofum og sýnt ungum nemendum fram á grundvallarefnahvörf og meginreglur efnafræðinnar“,
 - (iv) „Hann/hún getur gert tilraunir á rannsóknarstofu til þess að meta virkni þeirra lyfja sem lyfjaiðnaðurinn framleiðir“,
 - (v) „Hann/hún getur átt tjáskipti á ensku, án utanaðkomandi aðstoðar, á upplýsingamiðstöðvum ferðamanna og hótलगistingu“,
 - (vi) „Hann/hún getur notað tölvukerfi og hugbúnað til þess að útbúa einfaldar grafískar tví- eða þrívíðar kynningar“,
 - (vii) „Hann/hún getur styrkt stoðgrindir bygginga, í heildina eða að hluta til, í samræmi við innlendar viðmiðunarreglur um klæðningar, festingar og splæsingar“.
- (g) Ef þú notar kennimörk (atviksorð og lýsingarorð), vertu þá viss um að þau stuðli að meiri nákvæmni, og forðastu þess vegna óljós eða almenn lýsingarorð. Sjá IV. viðauka. Dæmi um lýsingarorð sem geta skýrt dýpt eða flækjustig námsins:
- (i) handhafi getur „þróað einföld tölvuforrit fyrir gagnavinnslu og myndgreiningu“,

- (ii) handhafinn getur „hjálparlaust borið kennsl á þau efni og verkfæri sem þarf til þess að gera þök vatnsþétt“,
 - (iii) handhafinn getur „samkvæmt fyrirætlunum annarra, framkvæmt venjubundnar aðgerðir, þ.m.t. skurðaðgerðir“.
- (h) Kynntu þekkingu þína og færni, þ.m.t. þverlæga færni, þegar slíkt á við, á samtengdan- og þættaðan máta:
- (i) forðastu: að skipta þekkingu þinni og færni hvorri fyrir sig upp í mismunandi lista eða upptalningar fyrir breidd eða dýpt þeirra,
 - (ii) hugleiddu hvort hægt sé að kynna þekkingu þína og færni bæði til samans eða hvort gera þurfi ráð fyrir tengslum eða skertri tengingu þeirra á milli. Dæmi:
 - hann/hún getur „lokið við að koma fyrir rafbúnaði samkvæmt gildandi reglum um heilsu og öryggi“.
 - hann/hún getur „hannað og tekið í notkun algrím sem greina þróunina á fjármálamörkuðum“,
 - hann/hún getur „annast snyrtimeðferðir og leiðbeint viðskiptavinunum í sjálfsumönnun húðarinnar og um notkun vörunnar“.
- (i) Hafðu í huga hver séu markmið og stefna réttindanna til þess að ná jafnvægi, t.d. á milli grunnþekkingar (t.d. grunnstærðfræði, vísinda, tungumála), æðri þekkingar, háþróaðrar, sérhæfðrar og tæknilegrar færni (t.d. í tengslum við visst verkefni eða hlutverk), eða þverlægrar færni og hæfni, (eða þverfagleg færni og hæfni (t.d. við úrlausn vandamála, námsfærni og samskipti). Hvernig lýsingarnar eru settar fram veiti innsýn í það hvort sú þekking, færni og hæfni sem aflað var, eigi t.d. við um tiltekna starfs- eða atvinnugrein, fyrir atvinnugreinar sem skarast, samfélagið í heild sinni, eða henni sé fyrst og fremst ætlað að vera áfangi á leið til frekara náms. Dæmi:
- (i) hann/hún „kann skil á rúmfræðilegum útlínum og tölum...“
 - (ii) hann/hún getur „mælt og greint efnislegar breytur í raforkuverum og á þeim tækjabúnaði sem þarf til þess að greina villuskilaboð og gera viðeigandi ráðstafanir“,
 - (iii) hann/hún getur átt „fagmannleg samskipti við samstarfsmenn, viðskiptavini og gesti í eigin persónu, í gegnum síma eða með skriflegum skilaboðum.“,
 - (iv) hann/hún getur „samþættað grunnatriði verkfræðilegrar hagfræði og umhverfisverndarsjónarmið við skipulagningu mannvirkjagerðar“.
 - (v) hann/hún getur „sjálfstætt greint lykilbreytur vinnslunnar og kann skil á mótunaraðferðinni við innsprautun“,

- (vi) hann/hún getur valið, undirbúið og notað mismunandi afskorin blóm, grænmeti og pottaplöntur, og það sem þarf til þess að hanna blómaútstillingar og skreytingar“.
- (vii) hann/hún getur „þróað, skrifað og metið svæðisbundin verkefni sem stuðla að lýðræðislegum viðhorfum og stjórnarháttum á svæðinu“,
- (viii) hann/hún getur „skipulagt ýmsa aðlaðandi listræna starfsemi sem er sniðin að þörfum barna, þ.m.t. í sjúkrahúsumhverfi“.
- (j) Afmarkað umfang þess sjálfstæðis og ábyrgðar sem búast má við í hans/hennar eigin starfi eða við umsjón með öðrum. Dæmi:
 - (i) hann/hún getur „upp á eigin spýtur hannað, samræmt og leitt menntaferli og verkefni eitt og sér eða í samvinnu við samstarfsmenn og teymi“,
 - (ii) hann/hún getur „veitt starfsmönnum og undirverktökum tæknilegar leiðbeiningar, annast eftirlit með byggingarvinnunni, að gæðakröfur séu uppfylltar og í samræmi við gildandi reglugerðir“.
 - (iii) hann/hún getur „skipulagt og fylgst með vinnu- og viðskiptaferlinu...“.
 - (iv) hann/hún getur „aðstoðað verkefnisstjórnann í starfseminni.“.
 - (v) hann/hún getur „óháð öðrum þróað áætlanir fyrir byggingaframkvæmdir og, ef nauðsyn krefur, aðlagð þær jafnóðum á meðan á framkvæmd byggingarverkefnisins stendur“.
 - (vi) hann/hún getur „óháð öðrum ákvarðað umfang byggingarhlutans, en þó ekki tengt þá saman í eina (byggingar-)heild og er því enn ekki fær um að skipuleggja fullbúnar byggingar“.
 - (vii) hann/hún getur „sjálfstætt og með skapandi hætti séð um framkvæmd tiltekinna einfaldra verkefna á sviði mannvirkjagerðar og sinnt flóknari verkefnum í hópvinnu“.
- (k) Veldu áhrifssagnirnar þínar vandlega og forðastu þær óljósu. Sjá II. viðauka.
- (l) Notaðu áhrifsformið fremur en hið hlutlausa og mótaðu svo setningarnar í tengslum við sögnina. Dæmi:
 - (i) forðastu: „Hægt er að leggja mat á heilbrigði vöðva sjúklinganna.“
 - (ii) orðaðu það frekar svona: „Handhafi menntunar og hæfis er fær um að meta heilbrigði vöðva sjúklinga, og veitt þeim persónulega meðferð til þess að draga úr sársauka og bæta hreyfanleika“.
- (m) Forðastu að nota sagnir sem ígildi nafnorðs.
 - (i) forðastu: „Samstarf um hönnun og gerð líkansins...“,
 - (ii) orðaðu það frekar svona: „Hann/hún tekur þátt í samvinnuverkefni um hönnunina...“
 - (iii) forðastu: „Hann/hún hefur sýnt hæfni til að byggja, setja upp, viðhalda og endurgera trésmíðina fyrir mismunandi gerðir timburhúsa“.

- (iv) orðaðu það frekar svona: hann/hún getur reist, sett upp, annast viðhald og endurbætt timburhús...“.
- (n) Forðastu endurtekningar og flókna uppbyggingu á setningunum.
- (o) Tjáðu dýpt og flækjustig námsins í samræmi við EQF/NQF lýsingarnar, en vertu samt viss um að skilgreina þann sértæka og nákvæma námsárangur sem hæfir hinni tilteknu réttindaveitingu.⁽¹⁴⁾

Önnur umhugsunaratriði og ábendingar

- (a) Hver setning getur sameinað fleiri en eitt sagnorð, en hún ætti helst að vísa til eins og sama atviks- eða nafnorðsins og fylgja rökréttri röð, sem sýnir vaxandi flækjustig (því annars mun hún auka tvíræðni og flækjustig). Sjá II. viðauka.
- (i) Dæmi um samsetningu sagna sem geta sýnt fram á sívaxandi flækjustig:
- hann/hún getur „skipulagt, samræmt og fylgst með vörustjórnunarhugtökum og aðstöðunni á byggingarsvæðum, þ.m.t. vinnu- og hlífðarpöllum“.
- (ii) Forðastu: hann/hún getur „skipulagt mótauppslátt, styrkingu og uppsteypu nýrra mannvirkja, varðveislu byggingarefna og metið kostnað, tímanotkun og umhverfisáhrif vinnunnar“.
- (iii) orðaðu það frekar svona: Þessi réttindahafi er fær um að skipuleggja mótauppslátt, styrkja og steypa upp nýbyggingar og varðveita gæði byggingarefnanna.
- (iv) Leggðu mat á kostnað, tímanotkun og umhverfisáhrif vinnunnar.
- (b) Enda þótt EQF/NQF menntunar og hæfisprepið varðveiti „heildar- eða meðalstig“ réttindaveitingarinnar (e. centre of gravity), að teknu tilliti til allra þátta, þá getur flækjustigið, sem tengist tilteknum einstökum námsárangri í kúlupunktunum, verið mun lægra eða hærra heldur en þetta meðaltal. Enda þótt búast megi við nokkrum misbrestum hér og þar, þá ættu þeir ekki að vera ýkja breiðir þar sem slíkt myndi vekja upp spurningar um heildarsamræmi réttindaveitingarinnar.
- (c) Nauðsynlegt er að vera sér meðvitaður um muninn á því sem unnt er að fylgjast með, bæði beint og ótvírætt, (getu múrarans til þess að raða múrsteinum ofan á hvern annan) og því sem er flóknara að koma auga á (getu múrarans til þess að skipuleggja sig og vinna með öðrum fagmönnum á byggingarsvæðinu). Færni, sem erfitt er að fylgjast með, er engu að síður

⁽¹⁴⁾ Lýsingar á landsbundnum hæfnisskrám eru yfirleitt á almennu stigi vegna þess að þær ná yfir breitt svið menntunar og hæfis. Námsárangur til að lýsa einstaklingsbundinni menntun og hæfi verður að vera bæði nákvæmari og sértækari, en viðhalda samt samræminu á milli NQF/EQF, innanlands- og Evrópuþrepalýsinganna.

bráðnauðsynleg og því þarf að bera kennsl á hana og taka fyrir á kerfisbundinn hátt.

- (d) Sagnorð, sem vísa til sýnilegra og mælanlegra aðgerða, hjálpa til við að draga úr óræðni lýsinganna.
- (e) Lýsa þarf námsárangri, sem ekki er hægt að fylgjast með beint og auðveldlega ellegar mæla, með nákvæmri vísbendingu, hvert sé viðfangsefnið og samhengið.
- (f) Að teknu tilliti til takmarkana á lengd lýsingarinnar, eins og lagt er til í þessum viðmiðunarreglum, þá geta hagsmunaaðilar ákveðið hvort og hvernig á að greina á milli lögboðinna- og viðbótar (sértækra) niðurstaðna.

Upphafsstafaorð

Cedefop	Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar
ELM	Evrópskt námslíkan
EQF	Evrópskur rammi um menntun og hæfi
ETF	Starfsmenntunarstofnun Evrópu
NQF	innlendur rammi um menntun og hæfi
QDR	Gagnabankinn um réttindaveitingar
VET	starfsmenntun og þjálfun

Viðaukar

I. viðauki. Dæmi um lýsingar á niðurstöðum úr stuttum námsleiðum sem byggjast á menntun og hæfi

Eftirfarandi „dæmi um félagslegar fyrirmyndir“, með stutttri lýsingu, miða að því að leiðbeina um hagnýta beitingu viðmiðunarreglnanna og skýra hvernig hægt sé að hrinda viðmiðunarreglunum í framkvæmd. Þær eru byggðar á raunverulegum innlendum lýsingum sem útfærðar voru með því að nota leiðbeiningarnar innan ramma verkefnahópsins og hafa gengist undir sameiginlegar breytingar og endurskoðun af meðlimum verkefnahópsins til þess að aðlagja þær enn betur að því sem leiðbeiningarnar mæla með.

Hæfni: Klínískur sálfræðingur

Klínískur sálfræðingur (EQF/NQF 7) þróar og beitir kenningum, aðferðum og tæknilegum úrræðum vísindalegrar klínískrar sálfræði í heilsuefningu, skimun, sálfræðigreiningu og mati á heilsufarsvandamálum, sem og í forvörnum, leiðsögn og meðferð einstaklinga sem þurfa á umönnun eða stuðningi að halda. Með þeim aðferðum, þá hljóta notendur heilbrigðisþjónustunnar stuðning frá upphafi, bæði með því að vinna að þróun þeirra og hámarka þannig hagnýtt sjálfstæði og vellíðan. Að hafa uppáskrift klíníks sálfræðings, eins og kveðið er á í lögum um geðheilbrigðisstéttir, er forsenda þess að geta starfað í greininni.

Klíníski sálfræðingurinn getur:

- (a) samið sálfræðilegt mat,
- (b) beitt inngripum til þess að lina þjáningar og stuðlað þannig að heilbrigði og vellíðan einstaklinga, hópa og samtaka;
- (c) lagt stund á rannsóknir og birt niðurstöður sem stuðla að faglegri þekkingu og/eða metið skilvirkni fjölbreyttrar atvinnustarfsemi,
- (d) samþættað rannsóknir og klíníska sérþekkingu sína í samvinnu við þiggjendur umönnunarinnar og samhengi þeirra,
- (e) beitt vísindalegri innsýn og aðferðum,
- (f) komið fram í fyllsta samræmi við siðareglur,
- (g) útfært og viðhaldið faglegu samstarfi við þiggjanda umönnunarinnar;
- (h) stundað starfsgreinina á faglegan og samfélagslega ábyrgan hátt,
- (i) þróað og viðhaldið sinni eigin sérþekkingu,
- (j) endurspeglað, framkvæmt sitt eigið sjálfsmat og umönnun;
- (k) átt samskipti við fagfólk úr fjölmörgum öðrum greinum.

Hæfni: aðstoðarmaður í upplýsingatækni

Handhafi (EQF/NQF 4) réttindanna er fær um að tryggja snurðulausan rekstur upplýsingatækni­kerfa. Þeir geta þróað, aðlag­að og/eða viðhaldið þeim kerfum og annast notendurna. Hann/hún hefur hagnýta þekkingu í tölvunarfræði, rafmagnsverkfræði og framleiðsluverkfræði.

Hann/hún starfar sjálfstætt og/eða sem hluti af teymi fyrirtækja sem þróa og bjóða upp á upplýsinga- og samskiptatæknivörur og þjónustu, eða hjá opinberum yfirvöldum og stofnunum.

Þetta er upphafið að starfsþjálfun sem fram fer í skólum. Valfrjáls innganga í æðri menntun með réttindaveitingu stendur einnig til boða.

Handhafi menntunar og hæfis getur:

- (a) greint, metið og hámarkað rekstrarferla, verkflæði og rammaskilyrði sem styðjast við notkun upplýsingatækni­kerfa,
- (b) hannað vinnuferli þar sem notuð eru tækni- og skipulagsleg hjálpartæki,
- (c) þróað og aðlag­að það forrit eða hugbúnað sem heldur utan um rekstrarferlið,
- (d) greint, skipulagt, stofnað, umboðs- og upplýsingatækni­kerfi á netinu;
- (e) greint, stofnað, tengt við upplýsingatækni­kerfi, forrit og sjálfvirk kerfi til útreikninga á umboðslaunum,
- (f) skipulagt, búið til og viðhaldið gagnagrunnum með því að nota viðeigandi forritunarmál og töl til þróunar á hugbúnaði,
- (g) tryggt orkuafhendingu til upplýsingatækni­kerfa og bestað orkunotkunina,
- (h) séð til þess að iðnaðar- og lagastaðlar, reglugerðir og að beiting tæknilegra kvaða og ákvæði séu virt,
- (i) fylgst með gagnaöryggi, gagnavernd og höfundarrétti;
- (j) mótað og endurspeglað starfsumhverfi sitt og vinnuferla á ábyrgan hátt,
- (k) beitt stöðlum og viðmiðunarreglum til þess að tryggja gæði bæði vinnslunnar og vörunnar,
- (l) starfað saman og tjáð sig í hóp­vinnuteymum,
- (m) greint kröfur viðskiptavinanna og ráðlagt þeim, jafnvel á ensku, ef með þarf;
- (n) orðið sér úti um, undirbúið og kynnt upplýsingar og skjöl á ensku í tengslum við starfsemina.

Hæfni: vinna við steinsteypu

Steinsteypustéttin (EQF/NQF 4) getur skipulagt mótauppslátt, styrkt og steipt upp nýbyggingar, auk þess að viðhalda núverandi byggingum. Handhafi réttindanna er fær um að reisa heimili, atvinnuhúsnæði, sjúkrahús, skóla og stíflur. Réttindin fást afhent eftir fjögurra ára þjálfun, bæði í þjálfunarfyrirtækinu og hjá starfsmenntaskólanum. Unnt er að bæta við hæfnina með þriðja stigs starfsmenntun á háskólastigi í EQF 5.

Handhafi réttindanna getur:

- (a) starfað sjálfstætt, í samræmi við byggingarupplýsingalíkön, teikningar, verklýsingar og forhannaðar lausnir;
- (b) metið kostnað, tímanotkun og umhverfisáhrif vinnunnar,
- (c) séð um mótauppslátt og byggingarluta, þar sem notast er annað hvort við hefðbundin- eða kerfismót,
- (d) styrkt mannvirki og byggingarluta í samræmi við lýsingar á klæðningu, akkeri og splæsingar,
- (e) gert grein fyrir vinnuferlum með forsmíðuðum og hefðbundnum aðferðum;
- (f) steipt upp mismunandi byggingarluta og gólf og metið afleiðingarnar af mismunandi steypuþrýstingi;
- (g) flokkað og meðhöndlað úrgang samkvæmt gildandi reglugerðum, endurnýtt byggingarefni og gert sér grein fyrir afleiðingum rangrar meðhöndlunar;
- (h) tekið tillit til og notað gæðatryggingarkerfi, starfað í samræmi við núverandi kröfur um heilbrigði, umhverfi og öryggi og áttað sig á afleiðingum þess að fullnægja ekki kröfunum,
- (i) metið áhættuna við verkið út frá gildandi reglum og látið framkvæma örugga starfsgreiningu;
- (j) unnið samkvæmt þeim reglugerðum og ákvæðum sem sett hafa verið um vinnuskilyrðin í greininni og útskýrt réttindi og skyldur bæði atvinnurekandans og starfsmannsins;
- (k) haft í huga þær kröfur og væntingar sem gerðar eru til allra fagmanna í samfélagi greinarinnar.

II. viðauki. Áhrifssagnir

Tvíræðar eða nákvæmar sagnir: Handbók Evrópumiðstöðvarinnar um námsárangur ⁽¹⁵⁾

Tvíræðar		Nákvæmar	
Að vita Skilja Njóta Ákvarða Kunna að meta	Að átta sig á mikilvægi þess Að kynnast nánar Trúa á Vera sér meðvitaður um Átta sig á	Gera greinarmun á Aðskilja Setja saman Stilla Bera kennsl á Leysa	Rita Segja frá Smíða setja saman mótsetningu Bera saman Skrá

Áhrifssagnir fengnar úr landsbundnum réttindaveitingum og öðru efni sem lagt var fram og greint í tengslum við lýsingar EQF-Europass verkefnishópsins á stuttum námsárangri ⁽¹⁶⁾

Áhrifssagnir með breiða, almenna skírskotun					
nota	framkvæma	ljúka	skilgreina	taka	fullnægja
vinna	setja	íhuga	leyfa	grípa til aðgerða	takast á við
leysa af hendi	halda	gera athugasemd	koma með	gera	fást við
skapa	halda áfram	setja	ákvarða	taka tillit til	
gefa	fylla	grípa til aðgerða	eiga	sýna	

Nákvæmar áhrifssagnir					
beita	samþykkja	smíða	hefja	sníða	rétta af
sannreyna	leiða	leysa	skipuleggja	þrýsta á	meta
bera kennsl á	samstillta	eyða	eignast	þjóna	læra
undirbúa	stilla	ráðgast	meta eigin verðleika	reikna út	búa um
sýna fram á	hámarka	álykta	fjölfalda	skipta út	afhenda
þróa	safna	finna	leiðbeina	gera samantekt	fylgjast með
greina	endurbyggja	hefja	taka niður	koma á fót	handfjatla
framleiða	uppfylla kröfur	telja	fylgja	styðja	prófa

⁽¹⁵⁾ Evrópumiðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022). [Skilgreina, semja og beita námsárangri: evrópsk handbók — önnur útgáfa](#). Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

⁽¹⁶⁾ Listarnir eru dæmi um sagnorð sem notuð eru í NQF þrepalýsingunum, ásamt lista yfir þær áhrifssagnir, sem fylgja með sem hluti af leiðbeiningum um [hönnun námsskráa í Noregi](#), samþykktir af mennta- og rannsóknamálaráðuneytinu þar og þingi Sama hinn 26. júní 2018, og endurskoðaðir 10. október 2018 í Ósló:

Nákvæmar áhrifssagnir					
eiga samskipti við	hafa umsjón með	deila	átta sig á	grípa inn í	gera við
taka þátt í	framleiða	beina	bregðast við	hluta í sundur	gefa skýrslu
útfæra	hitta	endurtaka	betrumbæta	eiga samstarf	selja
áætla	taka á móti	leiðbeina	gera ráð fyrir	endursenda	fletta upp
hrinda í framkvæmd	bera kennsl á	afhjúpa	setja saman	tryggja	stýra
Setja upp	orða	áætla	nota	flytja yfir	staðla
virða	ljúka við	útskýra	takmarka	vanda	byggja upp
samþætta	uppfæra	leggja drög að	stika út	rökstyðja	skjóta inn
viðhalda	skjalfesta	efla	aðstoða	semja við	uppfylla
lýsa	dreifa	endurspegla	fága	gera sýnilegt	meta
vakta	leggja mat á	meta	hanna	bera saman	setja upp
stjórna	lesa	leggja til	taka saman	ákveða	tengja
velja	setja saman	eiga samstarf	kvarða	fela í hendur	skissa
framvísa	ráðleggja	svara	gera útdrátt	fylgja eftir	bæta
fylgja	byggja	aðlaga	skrifa	athuga	deila
framvísa	geyma	ná tökum á	endurreisa	greina	sameina
tryggja	samræma	upplýsa	hafa eftirlit með	selja	tilgreina
koma í veg fyrir	veita umboð	leysa	fá	hluta í sundur	skipta
skapa	meta	kanna	stjórna	skapa heildarmynd	tilgreina
útfæra	skipuleggja	teikna	skapa heildarmynd	breyta	sannreyna
staðsetja	velja	taka upp	taka þátt	endurnýja	styrkja
veita	fela í sér	takast á hendur	túlka	úthluta	birgja
gera vörutalningu	fullgilda	samþykkja	tengjast	ummynda	framkvæma
fela í sér	virkja	endurskipuleggja	vernda	dæma um	gera sér hugmynd um
leiða	leita	uppfærða	kynna	fullgera	gagnrýna
hafa umsjón með	endurskoða	keyra	rannsaka	greina	endurheimta
gera tilraun	fullgilda				

Dæmi um samsetningu áhrifssagna, með sama viðfangsefnið, sem leiðir í ljós vaxandi flækjustig	
Hönnun og framkvæmd	Geyma og viðhalda
Innleiða og skjalfesta	Stjórna og vinna úr
Tryggja og skjalfesta	Bera kennsl á og hefjast handa
Setja upp og stilla	Bera kennsl á og koma í veg fyrir

Dæmi um samsetningu áhrifssagna, með sama viðfangsefnið, sem leiðir í ljós vaxandi flækjustig	
Setja upp og athuga	Bera kennsl á og fylgjast með
Setja saman og setja upp	Bera kennsla á og leggja til
Skipuleggja og athuga	Pakka niður og afhenda
Smíða og athuga	Setja saman og stinga inn
Athuga og fara eftir	Undirbúa, bera kennsl á og útskýra
Áforma og skipuleggja	Skipuleggja, undirbúa og framkvæma
Áforma og gera skissu	Samræma, undirbúa og líta eftir
Áætla og hrinda í framkvæmd	Fylgjast með, skipuleggja og tilkynna
Gera ráðstafanir og greina	Þróa, skapa og styðja
Greina og stjórna	Þróa, rita og leggja mat á
Greina og bera saman	Innleiða, samþætta og athuga
Túlka og beita	Greina, bæta og viðhalda
Veita upplýsingar og ráðgjöf ^a	Fletta upp, vega og meta
Veita ráðgjöf og leiðsögn	Sýna, samþætta og beita
Vinna saman og miðla	Þekkja, velja, greina
Eiga samskipti við og semja	Greina, meta og bæta
Undirbúa og ganga frá	Leiða, hafa umsjón með og bregðast við
Undirbúa og safna saman	Samræma, beina og stilla
Hefjast handa og skipuleggja	Byggja, stilla upp, endurbyggja, viðhalda og endurhæfa
Framleiða og kynna	Stilla upp, setja saman, taka í sundur og fjarlægja
Þróa og aðlaga	

III. viðauki. Kennimörk (lýsingarorð og atviksorð)

Dæmi um kennimörk sem fengin eru úr þrepalýsingum landsbundinna réttindaveitinga um menntun og hæfi þeirra landa sem vísað er til í EQF ⁽¹⁷⁾

Dæmi um víðtæk/almenn kennimörk		
Ákveðnar	Lykil	Hentugur/viðeigandi
Viðeigandi	Einkum/sérstaklega	Hentar/hentugt
Mjög	Breitt/víðtækt	Farsælt/árangursríkt
Ýmislegt	Eins og vera ber/eiginlega	Venjulegur/venjulegt
Gott	Skilvirkur/árangursríkt	Mikilvægt/áriðandi
Krafist	Umfangsmikið/breitt	

Dæmi um kennimörk (atviksorð eða lýsingarorð) sem geta gefið til kynna hvert flækjustigið sé		
Grundvallar	Háþróað	Fullfrágengin/fullbúin/fullnægjandi
Algeng	Millistigs	Flókið/margbrotið
Einfalt	Óháð/sjálfstætt	Framsækni /nýbreytni/nýsköpun
Endurtekin	Skapandi/hugmyndaríkt	Stjórnun/stjórnsýslu
Skipulagt	Sjálfstætt/óháð	Frumlegur/frumleiki
Skilgreint	Sérhæft/sérfræðingur	Töluverður
Venjulegt	Nýtt/nýlunda	Ábyrgur/áreiðanlegt
Undirstöðu	Gagnrýninn/marktækt	Þaulskipulagt/þaulskipulega
Úthlutað	Yfirgripsmikið	Ófyrirséð/ófyrirsjáanlegt
Samþætt	Óhefðbundið	Hugmynda/hugtakalegt
Ósérhæft	Ófyrirsjáanlegt	Fyrirsjáanlegt/útreiknanlegt
Takmarkað	Ítarlega	Að hluta til/að hluta/sumpart
Á hverjum degi/ daglega/ frá degi til dags	Fyrirframskilgreint/forákvarðað	Margbrotið

⁽¹⁷⁾ NQF-þrepalýsingarnar, gefnar út á ensku, má finna í Cedefop (2018). *Greining og yfirlit á NQF þrepalýsingum í hinum ýmsu Evrópulöndum*. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins. Fyrir þau lönd sem hafa lagt fram uppfærðar tilvísunarskýrslur eftir 2016, þá var notast við uppfærðu tilvísunarskýrsluna.

IV. viðauki. Evrópskur rammi um menntun og hæfi: þrepalýsingar ⁽¹⁸⁾

	Þekking	Færni	Ábyrgð og sjálfstæði	
	Í tengslum við EQF, evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám, þá er þekkingu lýst sem fræðilegri og/eða staðreyndum.	Í tengslum við EQF er færni lýst sem vitsmunalegri (sem felur í sér notkun á rökfastri, innsæislegri og skapandi hugsun) og hagnýtri (sem felur í sér handlagni og notkun aðferða, efnis, verkfæra og tækja)	Í tengslum við EQF, þá er ábyrgð og sjálfræði lýst sem getu nemandans til að beita þekkingu sinni og færni, bæði með ábyrgð og á sjálfstæðan hátt.	
1. stig	Almenn grunnþekking	Nauðsynleg grunnfærni til að framkvæma einföld verkefni	Vinna eða nám undir beinu eftirliti í skipulögðu samhengi	1. stig
2. stig	Grunnþekking á staðreyndum á sviði vinnu eða náms	Einföld vitsmunaleg- og hagnýt færni sem þarf til þess að geta nýtt sér viðeigandi upplýsingar til að klára verkefni og leysa venjubundin vandamál af hendi með því að nota einfaldar reglur og verkfæri	Vinna eða nám undir eftirliti með sjálfræði að einhverju leyti	2. stig
3. stig	Þekking á staðreyndum, meginreglum, ferlum og almennum hugtökum á sviði starfs eða náms	Margvísleg vitsmunaleg og hagnýt færni sem þarf til þess að klára verkefni og leysa vandamál með því að velja og beita grunnaðferðum, verkfærum, efni og upplýsingum	Taka ábyrgð á að ljúka verkefnum í starfi eða námi, aðlagða eigin hegðun að aðstæðum við lausn vandamála	3. stig
4. stig	Staðreynda- og fræðileg þekking, í víðu samhengi, innan starfs- eða námsvettvangsins	Ýmis konar vitsmunaleg og hagnýt færni sem þarf til þess að finna lausnir á tilteknum vandamálum, á sviði náms eða vinnu	Skipuleggja sjálfan sig innan viðmiðunarreglna um vinnu- eða námsaðstæður sem venjulega eru fyrirsjáanlegar, en geta jafnframt breyst, hafa umsjón með hefðbundnum störfum annarra, taka vissa ábyrgð á því mati og	4. stig

⁽¹⁸⁾ Hvert og eitt af þrepunum átta er skilgreint með lýsingum, sem gefa til kynna þann námsárangur sem tengist viðkomandi menntun og hæfi á því þrepi í öllum kerfum um menntun og hæfi. Námsárangur merkir yfirlýsingar um hvað nemandi veit, skilur og getur gert þegar námsferlinu er lokið, og er skilgreindur með tilliti til þekkingar, færni og ábyrgðar og sjálfstæðis. Heimild: 2017 EQF tilmæli.

Evrópskur rammi um menntun og hæfi: þrepalýsingar

	Þekking	Færni	Ábyrgð og sjálfstæði	
			umbótum sem fram fara á vinnu- eða námsstarfinu	
5. stig	Yfirgripsmikil, sérhæfð, staðreynda- og fræðileg þekking á tilteknu starfs- eða námssviði og verið sér meðvitaður um takmörk hennar þekkingar	Fjölbreytt vitsmunaleg og hagnýt færni sem þarf til þess að þróa frumlegar lausnir á óhlutlægum vandamálum	Annast stjórnun og eftirlit í tengslum við vinnu- eða námsstarfsemi þar sem ófyrirsjáanlegar breytingar eiga sér stað, endurskoða og þróa sinn eigin árangur og annarra	5. stig
6. stig	Ítarleg þekking á starfs- eða námssviði sem felur í sér gagnrýnn skilning á kenningum og grundvallarreglum	Háþróuð færni, sem sýnir þá leikni og nýsköpun, sem þarf til þess að leysa þau flóknu og ófyrirsjáanlegu vandamál sem upp kunna að koma á sérhæfðum sviðum náms eða vinnu	Stjórna tæknilega flóknum verkefnum, atvinnustarfsemi eða áætlunum og bera ábyrgð á ákvarðanatöku í ófyrirsjáanlegu samhengi við vinnu eða nám, taka ábyrgð á að stjórna faglegri framþróun einstaklinga og hópa	6. stig
7. stig	Afar sérhæfð kunnátta, sem að sumu leyti er í fararbroddi þekkingarinnar á sviðum náms eða vinnu, og verður síðan grundvöllurinn að frumlegri hugsun og/eða rannsóknnum Gagnrýnin meðvitund um stöðu þekkingarinnar á vissu sviði og skilfletinum á milli hinna ýmsu sviða	Sérhæfð færni sem með þarf til þess að leysa vandamál sem upp koma í rannsóknum og/eða nýsköpun, í því skyni að þróa nýja þekkingu eða verklag og samþætta þekkinguna frá hinum ýmsu sviðum	Stjórna og umbreyta vinnu- eða námsumhverfi sem er í eðli sínu flókið, ófyrirsjáanlegt og krefst nýrra stefnumótandi aðferða, taka ábyrgð á og stuðla að aukinni faglegri þekkingu og starfsaðferðum og/eða endurskoða stefnumótandi frammistöðu teyma	7. stig
8. stig	Þekking á þeim sviðum náms eða vinnu sem háþróuðust eru og bera kennsl á skilfötinn þar á milli	Fullkomnasta og sérhæfðasta færni og tækni, þ.m.t. sambland og mat á hvoru tveggja, sem þarf til þess að leysa þýðingarmestu vandamálin sum upp koma í rannsóknum og/eða nýsköpun og til þess að víkka út og endurskilgreina núverandi þekkingu eða faglega reynslu	Sýna fram á víðtækt vald, nýsköpunarhæfileika, sjálfræði, fræðilega og faglega ráðvendni og langframa skuldbindingu í því augnamiði að stuðla að þróun nýrra hugmynda eða þeirra ferla sem skara fram úr í vinnu- eða námslegu tilliti, þ.m.t. rannsóknum	8. stig
Í rammanum um réttindaveitingar fyrir hið evrópska svæði æðri menntunar er að finna lýsingu á þeim þremur stigum sem ráðherrarnir, sem bera ábyrgð á æðri menntun, samþykktu á fundi sínum í Bergen í maí 2005, innan ramma Bologna-ferlisins. Sérhver lotulýsing býður upp á almenna yfirlýsingu um dæmigerðar væntingar um árangur og getu í tengslum við menntun og hæfi sem markar lok þeirrar lotu.				

Þekking	Færni	Ábyrgð og sjálfstæði
Lýsingin á því stutta námsferli, sem þróað var af sameiginlega gæðaverkefninu sem hluti af Bologna-ferlinu (sem getur verið innifalið eða tengt við fyrsta þrepið), samsvarar námsárangri 5. stigs í evrópska EQF viðmiðarammanum fyrir ævinám. Lýsingin á fyrsta þrepi samsvarar hæfniviðmiðum 6. þrepsins í evrópska EQF viðmiðarammanum fyrir ævinám. Lýsingin á öðru þrepi samsvarar hæfniviðmiðum 7. þreps í evrópska EQF viðmiðarammanum fyrir ævinám. Lýsingin á þriðja þrepi samsvarar hæfniviðmiðum 8. þreps í evrópska EQF viðmiðarammanum fyrir ævinám.		

Heimild: EQF Recommendation 2017 — Þrepalýsingar.

V. viðauki. Aðrar heimildir og tenglar

[Slóðir sem heimsóttar voru 10.4.2024]

- Leiðbeiningarnar skulu notaðar til að þróa stuttar lýsingar á þeim [réttindaveitingum sem birtar eru í Europass-gáttinni](#).
- Birting réttindaveitinganna og námsmöguleikana í Europass fer fram í gegnum [Gagnabankann um menntun og hæfi \(QDR\)](#).
- Þau gögn sem ætlunin eru til birtingar í QDR þarf að gefa út með því að nota [evrópska námslíkanið](#).
- Hin evrópska handbók Evrópumíðstöðvarinnar um hvernig starfsmenntun skuli skilgreind, ritun og beitingu námsárangurs, sem fyrst kom út 2017¹⁹ og [önnur útgáfa 2022](#), inniheldur „þumalputtareglur“ um notkun námsárangurs.²⁰ Í 2022 útgáfunni er að finna yfirgripsmikla skrá yfir alþjóðleg og innlend úrræði (leiðbeiningar og rannsóknarefni) sem styðja við skilgreiningar, ritun og notkun námsárangurs í ýmis konar samhengi (námsmati, námskrá, réttindaveitingum o.s.frv.).
- [2017 Evrópskur rammi um réttindaveitingar \(EQF\) Tilmæli](#). Tilmæli ráðsins frá 22. maí 2017 um evrópskan ramma um réttindaveitingar fyrir símenntun og um niðurfellingu tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um réttindaveitingar vegna símenntunar.
- Rit Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun starfsmenntunar (2018), [um greiningu og yfirlit lýsinga á NQF-stigi í Evrópu](#), inniheldur þrepalýsingar á NQF-stigi.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (2017). [ESCO, evrópskt flokkunarkerfi fyrir færni, hæfni, menntun og hæfi og starfsgreinar](#).
- Bandaríkin. Vinnumálaráðuneytið. [O'Net Occupational Information Network](#).
- [Ramminn um lykilhæfni](#). Tilmæli ráðsins frá 22. maí 2018 um grundvallarfærni í ævinámi. Ráð Evrópusambandsins. (2018).
- [Ramminn um frumkvöðlahæfni \(EntreComp\)](#). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin. (2016).
- [Ramminn um stafræna hæfni handa borgurunum \(DigComp 2.2\)](#). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin (2022).

(¹⁹) Evrópumíðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2017). [Skilgreina, semja og beita námsárangri:evrópsk handbók](#). Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

(²⁰) Evrópumíðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022). [Skilgreina, semja og beita námsárangri:evrópsk handbók — önnur útgáfa](#). Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins.

- [Viðmiðunarrammi um hæfni til lýðræðismenningar \(RFCDC\)](#). Evrópuráðið (2013).
- [Evrópsk skrá yfir innlendan ramma um menntun og hæfi \(NQF\)](#). Evrópumíðstöðin fyrir þróun starfsmenntunar (2022).
- Nánari upplýsingar um NQF-staðla á landsvísu er að finna á NQF vefnum og í gagnagrunnum. [Tenglar á vefsetur og gagnagrunna, auk samskiptaupplýsinga um NQF samræmingarstaði](#), má nálgast fyrir hvert land um sig.

Útdráttur

Í viðmiðunarreglunum eru settar fram sameiginlegar meginreglur um gerð stuttra lýsinga sem byggjast á hæfniviðmiðum fyrir hvers kyns menntun og hæfi. Þær eru afar mikilvægar fyrir gagnagrunna og skrár um menntun og hæfi. Þetta framtaksverkefni er hluti af víðtækari evrópskri viðleitni til þess að auka gagnsæi menntunar og hæfis í hinum ýmsu löndum, auðvelda hreyfanleika og styðja við bakið á ævinámi.

Verulegar framfarir í landsbundnum ramma um menntun, og hæfi (NQF) og notkun námsárangurs í Evrópu, hafa bætt skilninginn á menntun og hæfi og hreyfanleika. Uppbygging stuttra lýsinga á menntun og hæfi og námsárangri, eykur sífellt gagnsæi og samanburðarhæfi þeirra, og auðveldar aðgengi að þeim og notkun í stafrænu umhverfi.

Stuttar lýsingar veita nemendum, vinnuveitendum, fræðslu- og þjálfunaraðilum og öðrum skjótan aðgang að upplýsingum um námsárangur, sem koma til viðbótar við ítarlegar lýsingar á landsvísu.

Útgáfan býður upp á tillögur um formlega þætti (lengd, snið) og innihald (umfang, flækjustig, samhengi) þessara lýsinga. Það felur einnig í sér hagnýt úrræði, s.s. lista yfir áhrifssagnir og kennimörk, til þess að aðstoða við að lýsa námsárangri menntunar og hæfis skýrt og skilmerkilega.

EVROPSKAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM ÞRÓUN OG RITUN STUTTRA NÁMSÁRANGURSLÝSINGA Á MENNTUN OG HÆFI

Í viðmiðunarreglunum eru settar fram sameiginlegar meginreglur um gerð lýsingar á stuttum námsárangri fyrir hvers kyns menntun og hæfi. Þær eru afar mikilvægar fyrir gagnagrunna og skrár um menntun og hæfi.

Þetta framtaksverkefni er hluti af víðtækari evrópskri viðleitni til þess að auka gagnsæi menntunar og hæfis í hinum ýmsu löndum, auðvelda hreyfanleika og styðja við bakið á ævinámi.

Verulegar framfarir í landsbundnum ramma um menntun, og hæfi (NQF) og notkun námsárangurs í Evrópu, hafa bætt skilninginn á menntun og hæfi og hreyfanleika. Uppbygging stuttra lýsinga á menntun og hæfi og námsárangri, eykur sífellt gagnsæi og samanburðarhæfi þeirra, og auðveldar aðgengi að þeim og notkun í stafrænu umhverfi.

Stuttar lýsingar veita nemendum, vinnuveitendum, fræðslu- og þjálfunaraðilum og öðrum skjótan aðgang að upplýsingum um námsárangur, sem koma til viðbótar við ítarlegar lýsingar á landsvísu.

Útgáfan býður upp á tillögur um formlega þætti (lengd, snið) og innihald (umfang, flækjustig, samhengi) þessara lýsinga. Það felur einnig í sér hagnýt úrræði, s.s. lista yfir áhrifssagnir og kennimörk, til þess að aðstoða við að lýsa námsárangri menntunar og hæfis skýrt og skilmerkilega.

**CEDEFOP**European Centre for the Development
of Vocational Training

Europe 123, Thessaloniki (Pylea), GRIKKLAND
Póstfang: Cedefop service post, 570 01 Themi, GRIKKLAND
Sími: +30 2310490111, Fax +30 2310490020
Netfang: info@cedefop.europa.eu

www.cedefop.europa.eu**Publications Office
of the European Union**

Law | Data | Publications